Jón A. Hjaltalín - Hvernig er oss stjórnað (1889)

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðu eintaki af téðu riti. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið rafrænt eintak af því án endurgjalds.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó að stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Höfundur skjals þessa álítur að hvers kyns höfundaréttur á prentaða eintakinu sé útrunninn.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skannað var eintak í vörslu Bókasafns Seltjarnarness.
Minniháttar galli á bls. 86.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

328
Jón
Lestrarfélag
Selárdalinga
1885

HVERNIG ER OSS STJÓRNAÐ?

EÐA

STUTT YFIRLIT YFIR LÖGGJÖF OG LANDSSTJÓRN ÍSLANDS, EINS OG HÚN ER NÚ,

EPTIR

JÓN A. HJALTALÍN.

REYKJAVÍK
ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA
1889.

Formáli.

Í reglugjörð Möðruvallaskólans er tekið fram, að kenna skuli yfirlit yfir löggjöf og landsstjórn Íslands. Af því að engin bók var til í þessari grein, reyndi eg að setja saman það, sem eg vissi um þessi atriði, og las það fyrir lærisveinum mínum. Eg geng að því vísu, að þessu verki mínu sé mjög ábótavant; og hefði þó orðið enn lakara, ef eg hefði ekki notið leiðrjettinga ýmsra góðra manna. Sumt kann að vera undan fellt, sem upp hefði átt að taka, en þar sem eg hefi víðast hvar vísað til laganna sjálfra, þá er lesendunum innan handar að bæta úr því, með því að athuga lögin sjálf. Nú eru miklu minni örðugleikar á því en áður, þar sem mönnum er gefinn svo auðveldur aðgangur að lögunum í hinu nýa Lagasafni. Landshöfðingjabréf þau og reglugjörðir, sem til er vitnað, eru prentuð í Stjórnartíðindunum.

Mér gekk það helzt til að koma þessu á prent, að mjer þykja fyrirlestrar taka allt of mikinn tíma frá kennslunni. Svo hefir mér og fundizt alþýða allt of fáfróð í þessum efnum. Hefi eg

því ætlað, að hún gæti í þessu efni haft dálítil not af þessum bæklingi, ef hún kynnti sér hann vel.

Möðruvöllum í Hörgárdal, í maímán. 1888.

Jón A. Hjaltalín.

Innihald.

	Bls.
Staða Íslands	1—2.
Löggjafarvaldið	2—15.
Framkvæmdarvaldið	16—77.
1. Lögreglumálefni . . . . . bls.	23—26.
2. Kirkjumálefni . . . . . —	26—34.
3. Kennslumálefni . . . . . —	34—40.
4. Heilbrigðismálefni . . . . —	40—46.
5. Vegir og póstgöngur . . . —	46—55
6. Skattamál . . . . . —	55—62.
7. Þjóðeignir og opinberir sjóðir —	62—67.
8. Sveitastjórn . . . . . —	67—77.
Dómsvaldið	77—82.

Hvernig er oss stjórnað? Það er ekki ætlunarverk vort hér, að svara þessari spurningu með *vel* eða *illa* eða *þolanlega*. Eigi er það heldur ætlunarverk vort, að rannsaka, hver sé lög vor í öllum greinum, eða hvernig lög vor bjóði oss að breyta í ýmsum atvikum og viðskiptum við félagsbræður vora. En hitt er ætlunarverk vort, að skýra frá:

1. Hverir hafi vald og myndugleika til að búa til lög vor, og hvernig.
2. Hverir hafi vald og myndugleika til að framfylgja lögunum eður framkvæma þau.
3. Hverir hafi vald til að þýða lögin og heimfæra þýðingu þeirra til hvers þess, er menn greinir á um þýðingu þess.

Efni vort verður þannig í þrem aðalköflum, og eru þeir þessir:

I. Löggjafarvaldið.
II. Framkvæmdarvaldið.
III. Dómsvaldið.

En áður en vér snúum að þeim, verður að geta þess, að Ísland er eigi sjálfstætt ríki, heldur

»óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum«. Höfum vér því að nokkru leyti sameiginlega stjórn með Danmörku, einkum að því, er snertir viðskipti vor við önnur ríki, og konung höfum vér hinn sama og Danmörk. En að því er snertir sèrstök málefni vor, erum vér að mörgu leyti sjálfráðir. Hér verður að eins talað um stjórn hinna sérstöku mála vorra. Grundvöll stjórnar vorrar þeirrar, sem nú er, er að finna í »Lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu« 2. janúar 1871, og í »Stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands» 5. janúar 1874.

I. kafli.

Löggjafarvaldið.

Áður en stjórnarskrá Íslands kom út, hafði konungur einn löggjafarvaldið. En venjulegt var það, eptir að hið ráðgefandi alþingi var stofnað, að konungur legði fyrir þingið frumvörp þau, er hann ætlaði að gjöra að lögum. Gat þá þingið stungið upp á breytingum við þau; en ekki var konungur skyldur til að aðhyllast þær breytingar, og gat hann gjört frumvarpið að lögum eins og það var lagt fyrir þingið, eða með hverjum þeim breytingum, sem honum sýndist, hvað svo sem

alþingi hafði sagt. Þingið gat og gjört uppástungur til laga, og beðið konung að samþykkja og staðfesta þær. Gat hann þá að lögum gjört eitt af þrennu: 1. samþykkt þær óbreyttar; 2. neitað þeim alveg; eða 3. breytt þeim svo sem honum sýndist og gjört þær svo að lögum.

En með stjórnarskránni gaf konungur oss jafnan rjett við sig til löggjafar, svo nú er löggjafarvaldið hjá konungi og landsmönnum í sameiningu. Landsmenn geta eigi gjört lög að konungi nauðugum, né konungur að landsmönnum nauðugum.

Rjettur sá, er landsmenn hafa til að taka óbeinlínis þátt í löggjöf landsins, er kallaður *kosningarrjettur til alþingis*. Þeir menn, sem þenna rjett hafa eptir »Lögum um kosningar til alþingis« 14. sept. 1877, sbr. »Stjórnarskrá um hin sérstaklegu mál Íslands« 5. jan. 1874, 17. gr., eru:

a. Bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stétta.
b. Kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda 8 kr. eða meira til sveitar á ári.
c. Þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda 12 kr. eða meira til sveitar á ári.
d. Embættismenn.
e. Þeir, sem hafa tekið próf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann.

Þeir, sem engan rétt hafa til að taka þátt í löggjöfinni, sem hér ræðir um, eru:

a. Allir, sem ekki hafa óflekkað mannorð.
b. Allir þeir, sem eigi eru fjár síns ráðandi, eða eru gjaldþrota.
c. Allir þeir, sem þiggja af sveit, eða, hafi þeir þegið sveitarstyrk, hafa eigi endurgoldið hann eða fengið uppgjöf á honum.
d. Allir þeir, sem eigi hafa verið heimilisfastir í kjördæminu eitt ár, áður en kosningin fer fram.
e. Allir þeir, sem eigi eru 25 ára að aldri.
f. Allar konur giptar og ógiptar.
g. Allir þeir kaupstaðarborgarar, er gjalda minna en 8 kr., og allir þeir þurrabúðarmenn, er gjalda minna en 12 kr. á ári í sveitarútsvar.
h. Allir vinnumenn og lausamenn.

Eptir skýrslum um kosningar til alþingis 1880 höfðu þá 6557 landsmenn kosningarrétt (1936 eða tæpur þriðjungur notaði hann við síðustu kosningar), en 64,870 höfðu eigi kosningarrétt.

Óhentugt væri það og enda ógjörandi, að þessir 6557 menn af landsmönnum taki allir beinlínis þátt í tilbúningi laganna. Fyrir því fela þeir þennan starfa á hendur þeim, er þeir álíta hæfasta til þess. Þeir menn, sem þannig eru kosnir,

eru fulltrúar þeirra manna, er kjósa þá, og eru þeir kallaðir alþingismenn.

Alþingismaður getur hver sá orðið eða er kjörgengur, sem hefir kosningarrjett til alþingis, ef hann ekki er þegn annars ríkis eða í þjónustu þess; ef hann hefir verið í löndum Danakonungs í Norðurálfunni síðustu 5 ár, áður en kosningin fer fram; og ef hann er fullra 30 ára að aldri; sbr. kosningarlögin, og stjórnarskrána, 18. gr.

Kjósendur á vissu tilteknu svæði landsins kjósa einn fulltrúa eða tvo. Þessi svæði eru kölluð kjördæmi, og eru þau 21 á öllu landinu; 9 þeirra kjósa 2 fulltrúa hvert, en hin 12 einn hvert. Eru þá 30 fulltrúar, er landsmenn kjósa til að taka þátt í tilbúningi laganna. Konungur skipar með opnu bréfi, að kosningar skuli fram fara; en venjulega skulu þær haldnar í september árið áður en alþingi skal koma saman. Í hverju kjördæmi er kjörstjórn og eru sýslumenn eða bæarfógetar oddvitar kjörstjórnanna, og tveir menn með þeim. Oddvitar kjörstjórnanna tiltaka kosningardaginn og stýra kjörþingunum, en hinir meðlimir kjörstjórnanna taka á móti atkvæðunum. Sjá nákvæmar um alþingiskosningar í »Lögum um kosningar til alþingis« 14. septbr. 1877. Konungur nefnir 6 menn til að vera á alþingi, og eru þeir

kallaðir konungkjörnir þingmenn. Þeir eru eigi fulltrúar neinna vissra kjósenda, heldur landsmanna í heild sinni. Þannig verður fulltrúatalan öll 36 menn. Fulltrúarnir eru kosnir 6. hvert ár. Annaðhvort ár kallar konungur þá á fund í Reykjavík, og heitir sá fundur alþingi. Konungur getur og kallað þingmenn saman optar og á öðrum stað en í Reykjavík. Hann getur og rofið þingið, sem kallað er, það er: hann getur látið framfara nýar kosningar til alþingis, áður en 6 ár eru liðin frá því, er síðustu kosningar fóru fram. Skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 2 mánuðir eru liðnir, frá því það var leyst upp, og skal alþingi stefnt saman næsta ár eptir, að það var leyst upp.

Þingmenn skiptast í tvær deildir, efri og neðri. Í hinni efri deild eru allir hinir konungkjörnu þingmenn og 6 af þeim fulltrúum, er landsmenn hafa kosið. Allir þingmenn kjósa þá á fyrsta þingi eptir, að nýar kosningar hafa farið fram. Í hinni neðri deild eru 24 fulltrúar.

Landshöfðingi hefir og setu á alþingi, og hefir hann umboð konungs, en eigi hefir hann atkvæðisrétt, nema hann sé þingmaður.

Hér verður að nefna ráðgjafa Islands. Ráðgjafi Íslands er sá maður, er konungur nefnir til að ráðleggja sér í málum þeim, er Ísland snerta,

hvort sem eru löggjafarmál eða önnur, og er svo tiltekið í stjórnarskrá, að hann skuli hafa ábyrgð á því, að stjórnarskránni sé fylgt, því að konungur hefir enga ábyrgð. Enn fremur er það tekið fram, að ákveðið skuli með lögum, hvernig alþingi geti komið fram þessari ábyrgð á hendur honum. Þessi lög eru ókomin enn, en stjórnarskráin kveður svo á, að þangað til þessi lög koma út, skuli hæstiréttur ríkisins dæma þau mál, er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir afbrigði gegn stjórnarskránni. Ráðgjafi Íslands hefir hingað til verið einn af ráðgjöfum Danmerkurríkis.

Konungur getur látið ráðgjafa Íslands búa til uppástungur til laga, og eru þær kallaðar frumvörp. Konungur getur og falið öðrum mönnum á hendur að undirbúa lagafrumvörp, og felur hann svo landshöfðingja að leggja frumvörpin fyrir þingið.

Hver þingmaður má og bera upp uppástungur til laga í hvorri þingdeildinni sem er. En utanþingsmenn geta eigi komið uppástungum til laga eða bænarskrám inn á þing, nema einhver þingmaður taki að sér að bera þær fram. Jafngilt er það, fyrir hverja þingdeildina hvert frumvarp er fyrst lagt, nema frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga; þau skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deildina.

Til þess að frumvarp til laga geti orðið að lögum, verður að bera það upp til umræðu á þrem fundum í hvorri deild fyrir sig, og mega ekki minna en 2 dagar líða á milli þess, að málið er rætt. Þó er stundum brugðið út af því, að 2 dagar líði milli umræðanna.

Í hinum vandasamari málum kýs opt sú deildin, sem hefir málið til meðferðar, 3, 5 eða 7 menn í nefnd til að íhuga málið, og segir þessi nefnd álit sitt um það, og gjörir um það uppástungur. Nefnd er venjulega sett við fyrstu umræðu, en gjöra má það við hverja umræðu sem er. Þegar nefnd hefir verið sett við fyrstu umræðu og komið með þetta álit, er málið tekið til annarar umræðu, og síðar til hinnar þriðju. Við báðar þessar umræður má gjöra breytingaruppástungur við frumvarpið, og heita þær breytingaratkvæði. Fái nú frumvarpið óbreytt eða með áorðnum breytingum samþykki meiri hluta atkvæða í deildinni, er það sent til hinnar deildarinnar. Hún tekur það þá til umræðu á þrem fundum, og nefndarsetningar, ef henni svo sýnist. Ef hin síðari deild breytir frumvarpinu frá því, sem það kom frá fyrri deildinni, verður það að fara til hennar aptur. Sú deild ræðir það þá aptur á einum fundi, og sé því þá aptur breytt, er það aptur sent hinni deildinni. Þar er það aptur rætt einu sinni. Sè

frumvarpinu þá enn breytt þar, ganga báðar deildirnar saman í eina deild, og er það kallað sameinað þing. Þar er frumvarpið rætt einu sinni. Fái það þar óbreytt eða með áorðnum breytingum samþykki tveggja þriðjunga atkvæða þeirra, er greidd eru, er frumvarpið sent landshöfðingja. En við frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga útheimtist að eins atkvæðafjöldi.

Samkvæmt »Lögum um þingsköp handa alþingi Íslendinga« 7. apríl 1876 má hvorug þingdeildin gjöra ályktun um neitt mál, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sé á fundi og greiði atkvæði. Á fundi sameinaðs þings verða og að vera tveir þriðjungar úr hvorri deildinni um sig, til þess að fundarályktanir verði lögmætar.

Engan veginn eru það öll frumvörp, er þurfa að rekast þannig milli deildanna, heldur er hvert lagafrumvarp afgreitt frá þinginu sem lög, þegar báðar deildir hafa samþykkt það í sama formi. Þetta verður opt eptir 3 umræður í hvorri deild. Landshöfðinginn tekur þá við frumvarpinu, lætur snúa því á dönsku, og sendir það með þeirri þýðingu stjórnarráði Íslands í Kaupmannahöfn. Síðan leggur ráðgjafi Íslands það fram í ríkisráði Danmerkurríkis. Sitja í því allir ráðgjafar konungs og ríkiserfingi, sé hann myndugur, en konungur hefir sjálfur forsætið. Þar má ræða frum-

varpið. En hvort sem meiri hluti ráðgjafanna er því hlynntur eða eigi, er það nóg til þess, að frumvarpið geti orðið að lögum, að ráðgjafi Íslands vili skrifa undir það með konunginum. Þegar konungur og ráðgjafinn eru búnir að skrifa nöfn sín undir það, er það orðið að lögum.

Ef eigi er tiltekið í lagaboðinu sjálfu, hvenær það skuli öðlast gildi, þá hefir það ekki lagakrapt á Íslandi fyr en 12 vikum eptir, að búið er að geta þess í Stjórnartíðindunum, B-deildinni, að konungur hafi staðfest það með undirskript sinni (»Lög um birtingu laga og tilskipana« 24. ágúst 1877).

Hvert frumvarp, sem verða á að lögum á Íslandi, verður að ganga þessa leið. Þó er sú undantekning frá því, að konungur má gefa út bráðabirgðalög milli þingfunda, *„þegar brýna nauðsyn ber til“*. En þó verður að leggja þau lög fyrir næsta alþingi á eptir til samþykktar, ef þau eiga að gilda lengur. Þau eru þá lögð fyrir þingið og rædd eins og venjuleg frumvörp.

Að vísu getur eigi ráðgjafinn neytt konung til að skrifa undir eitthvert lagafrumvarp, er hann vill eigi skrifa undir. En í raun og veru ræður þó ráðgjafinn mestu um, hvort konungurinn skrifar undir það eða ekki.

Þetta er um þær uppástungur eða frumvörp,

sem verða að lögum. En fjölda-margar uppástungur og frumvörp bæði frá stjórninni og einstökum þingmönnum, eru borin upp á þingi, en verða eigi að lögum. Uppástungumaður eða uppástungumenn geta tekið frumvarpið aptur, hvenær sem er, ef málið er ekki útrætt í báðum deildum. Eins getur þingið fellt það á sama hátt. Frumvarp er og fallið, ef það er eigi útrætt áður en þingsetu er lokið það ár, er þingið kemur saman. Frumvarp verður heldur eigi að lögum, þótt það hafi samþykki þingsins, ef konungur neitar að staðfesta það með undirskript sinni, eða hafi konungur eigi staðfest það á undan næsta reglulega alþingi.

Frumvörp til laga um breytingu á stjórnarskrá Íslands eða viðauka við hana verða að hafa alla hina sömu meðferð og önnur frumvörp, er um hefir verið talað. En ekki má konungur staðfesta það með undirskript sinni, fyr en það þing, sem samþykkti frumvarpið, hefir verið rofið, fyr en nýar kosningar hafa farið fram, og hið nýkosna þing hefir komið saman, og samþykkt aptur frumvarpið óbreytt, eins og fyrra þingið samþykkti það. Þá má konungur staðfesta það með undirskript sinni; og er hann hefir gjört það, er það orðið að lögum.

Réttur þingsins til að stinga upp á frumvörp-

um til laga og samþykkja þau, nær einungis til þeirra málefna, er snerta Ísland sérstaklega. Samkvæmt 3. gr. í »Lögum um hina stjórnarlegu stöðu Islands í ríkinu« eru þau þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, nema að því er hæstarétt snertir.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur á Íslandi.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál beinlínis og óbeinlínis.
9. Þjóðeignir, opinberar stofnanir og sjóðir.

Á hverju þingi er lagt fyrir það frumvarp til fjárlaga, er gilda skulu 2 ár, frá lokum þess árs, er þingið kemur saman. Í þessu frumvarpi er áætlun gjörð yfir allar tekjur landsins og öll útgjöld þess á þessu tímabili. Þingið getur gjört breytingu við þetta frumvarp, að svo miklu leyti sem gjaldgreinir eða tekjugreinir þess eru ekki ákveðnar með sérstökum lögum, svo sem er um styrki alla og óviss útgjöld til ýmsra stofnana og fyrirtækja, það er með öðrum orðum: breytingar á fjárlagafrumvarpinu mega ekki ná til þeirra útgjalda eða tekna, sem ákveðin eru með eldri lög-

um, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum. En þótt gjaldgreinin sé ákveðin með sérstökum lögum, má gjöra breytingar við upphæð hennar, ef hún er ekki lögákveðin.

Hins vegar hefir þingið rétt til að stinga upp á með sérstöku lagaboði, að einhver lögboðin útgjaldagrein eða tekjugrein sé aukin, minnkuð eða af numin, eða og að ný tekjugrein sé tekin upp. En þessi frumvörp þurfa alla hina sömu meðferð til að verða að lögum, eins og önnur frumvörp, sem þegar hefir verið lýst. Enginn nýr skattur verður heldur lagður á landsmenn, nema með sérstöku lagaboði.

Undan fjárráðum þingsins eru skilin útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og fulltrúa konungs á alþingi. Gjöld til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands hafa hingað til verið skilin um laun, borðfé og skrifstofukostnað landshöfðingja, og ekki annað. Þessar upphæðir eru eptir stjórnarskránni þinginu óviðkomandi. Þær ákveður konungur einn.

Ekkert skattgjald verður heimt saman og engan eyri má greiða úr landssjóði, nema heimild sé til þess í fjárlögunum, það er að segja: stjórnin má ekkert fé veita, sem ekki er nefnt í fjárlögunum.

Þó verður það eigi allsjaldan, að meira fé þarf til ýmsra útgjalda en þingið hefir tiltekið, og ávísar landshöfðingi eða ráðgjafi því þá til útgjalda úr landssjóði. En leita verður samþykkis næsta þings til þeirra útgjalda, og er það gjört með reikningssamþykktarlögum eða með frumvarpi til fjáraukalaga. En jafnmikinn rétt hefir þingið til að neita þessum frumvörpum og öðrum.

Enn fremur kýs hvor þingdeildin um sig einn mann til að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sé þar allar taldar, og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Síðan eru reikningarnir lagðir undir samþykki alþingis.

Þetta ákvörðunarvald þingsins um fjármál landsins eru ein hin þýðingarmestu réttindi þess.

Þingið hefir eigi rétt til að taka beinan þátt í framkvæmdarvaldinu; en gjört getur það ályktanir um ýms málefni, er snerta framkvæmdarvaldið, og látið í ljósi álit sitt, að þetta eður hitt skuli vera svo eða svo. Þetta er gjört með þingsályktunum; en ekki er stjórnin að lögum bundin við að fara eptir þeim ályktunum.

Þingmenn geta og gjört fyrirspurnir til landshöfðingja um ein eða önnur atriði í framkvæmdarstjórninni, og svarar hann þeim eptir því, sem honum sýnist og hann hefir föng til.

Samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar getur hvor þingdeildin sett nefndir af þingmönnum til þess, meðan þingið stendur yfir, að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Í sveitastjórnarlögunum 4. maí 1872 er sýslunefndum veitt heimild til að semja reglugjörðir um fjallskil og refadráp.

Með »Lögum um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum« 14. desbr. 1877 er þeim einnig veitt heimild til að gjöra samþykktir um ýmsar greinir, er snerta fiskiveiðar. Með »Lögum um bátfiski á fjörðum« 19. júní 1888 er sýslunefndum einnig leyft að gjöra samþykktir til að útiloka aðkomandi fiskimenn frá bátfiski á fjörðum eða tilteknum fjarðarsvæðum. Leggja verður samþykktir þessar undir samþykki héraðsmanna á almennum fundi. Þegar þær hafa náð samþykki þeirra og staðfestingu amtmanns, fá þær lagakrapt á því svæði, er þær ná yfir.

II. kafli.

Framkvæmdarvaldið.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er svo ákveðið, að konungur hafi hið æðsta vald yfir öllum hinum sérstaklegu málefnum Íslands, það er að segja: framkvæmdarvaldið er hjá konunginum. Hann framkvæmir það, sem lögin ákveða að gjöra skuli, Um framkvæmdir konungs í þessu efni er þó hið sama að segja og um hluttekningu hans í löggjöfinni, að í raun og veru gjörir konungur það eigi sjálfur, heldur þeir embættismenn, sem hann felur það á hendur, og æðstur þeirra er ráðgjafi Íslands, sem áður hefir verið nefndur.

Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefir veitt, þangað til hin núgildandi stjórnarskrá komst á; þó má gjöra breytingar á þessu með lögum. Þess verður sérstaklega getið í riti þessu, hvernig þau embætti eru veitt, er konungur veitir eigi sjálfur. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Undanþágur frá lögum veitir hann svo sem tíðkaðist, þangað til hin núgildandi stjórnarskrá komst á, og getur hann fengið það vald öðrum í hendur. En eigi getur konungur veitt undanþágur frá lögum, sem síðar hafa komið út, nema heimild sé til þess í lögunum sjálfum.

Þegar konungur veitir embætti, skrifar hann nafn sitt undir veitingarbréf þess manns, er embættið fær. En þetta gjörir hann eptir ráði ráðgjafans. Er það því í rauninni ráðgjafinn, sem veitir embættið, og á hann að bera ábyrgð fyrir það, sem lög ákveða um embættisveitinguna. Konungur, eða í rauninni ráðgjafinn með samþykki konungs, getur svipt þá embætti, sem hann hefir veitt það, nema þá, sem hafa dómaraembætti eitt á hendi.

Það, sem nú hefir verið sagt um embættaveitingar, gildir og um uppgjöf á sökum, um undanþágur frá lögum, um úrskurði ýmsa og annað það, er að framkvæmdarvaldinu lýtur. Að vísu kveða lögin svo á, að konungur gjöri sjálfur þetta eða hitt, en þó verður það því að eins lögmætt, að ráðgjafi skrifi undir það með honum. Konungur getur og að lögum látið ráðgjafann framkvæma ýmisleg stjórnarstörf. En þó er hitt venjulegast, að ráðgjafinn ræður konungi til að gjöra það, sem hann gjörir. Undir ráðgjafann liggja þannig síðustu úrslit allra þeirra mála, sem kölluð eru sérstakleg málefni Íslands í stöðulögunum og talin eru upp hér að framan, nema að því leyti, er til dómstólanna kemur, eða í þeim málum, þar sem hin síðustu úrslit eru falin öðrum embættismönn-

um annaðhvort með lögum eða konungsúrskurðum.

Með konungsúrskurði 14. júlí 1874 var stofnað sérstakt stjórnarráð fyrir Ísland. Fyrir þessu stjórnarráði stendur ráðgjafi Íslands, og hefir hann undir sér 1 stjórnardeildarforingja, 1 skrifstofustjóra og 2 aðstoðarmenn við afgreiðslu málanna. Þetta stjórnarráð afgreiðir þau sérstakleg íslenzk mál, sem eigi fá fullnaðarúrslit hér á landi. En allur þorri þeirra mála, er áður voru afgreidd í hinni íslenzku stjórnardeild, eru nú lögð undir landshöfðingja, nema að svo miklu leyti sem þau eiga að koma beinlínis undir úrskurð konungs.

Ráðgjafinn hefir nokkurs konar umboðsmann á Íslandi, er heitir landshöfðingi. Embætti þetta var stofnað með konungsúrskurði 4. maí 1872. Verksvið hans er ákveðið með konunglegri auglýsingu 22. febr. 1875.

Landshöfðingi framkvæmir hið æðsta vald yfir hinum sérstaklegu málum Íslands í landinu sjálfu. Þetta gjörir hann undir yfirumsjón ráðgjafans og á ábyrgð hans samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar. Fyrir því er hann bundinn við þær reglur, sem ráðgjafinn setur honum, nema í þeim málum, sem lögð eru undir fullnaðarúrskurð hans.

Landshöfðinginn getur gjört uppástungur um öll sérstakleg málefni Íslands, hvort sem er til

laga eða úrskurða, og sendir hann ráðgjafanum uppástungur þær.

Þareð landshöfðinginn er milligöngumaður milli ráðgjafans og allra embættismanna og embættisþjóna, eru þeir allir honum undirgefnir, og á hann að hafa umsjón með embættisfærslu þeirra; hann hefir og heimild til að víkja þeim frá um stundarsakir, ef honum þykir þeir hafa orðið brotlegir í embættisfærslu sinni. Hjá landshöfðingja verða allir embættismenn á Íslandi að fá leyfi til að ferðast til útlanda frá embættum sínum. Þegar embætti er laust, skal landshöfðingi sjá um, að því verði þjónað, þangað til það verður veitt. Hann ákveður og, hvar embættismenn á Íslandi skuli vera búsettir, ef bústaður þeirra er ekki áður ákveðinn. Hann setur umboðsmenn yfir landsjóðsjarðir eptir uppástungu amtmanns. Hann hefir umsjón yfir öllum reikningum, fjárheimtum og útgjöldum landsins; á hann að sjá um, að reikningarnir komi í tækan tíma, og að tekjur, sem landssjóðurinn á, komi til hans á tilteknum tíma. Landshöfðingi semur og hina árlegu landsreikninga og hefir umsjón yfir jarðabókarsjóðnum.

Landshöfðinginn hefir yfirstjórn póstmálanna á Íslandi sjálfu. Hann á einnig að gjöra út um mál út af skipströndum og útflutningum (mann-

fólks) og um fiskiveiðar útlendra þjóða við Ísland, nema ef semja þarf um það við útlendar stjórnir.

Landshöfðingi hefir vald til að gefa fullnaðarúrskurð í sveitarmálum, og eru þar með taldir úrskurðir um framfærslurétt sveitarómaga. Landshöfðingi veitir gjafsókn og ýmisleg konungleg leyfisbréf; en of langt mál yrði að telja hér öll þau leyfisbréf, er konungur veitir sjálfur, og þau, er hann felur landshöfðingja eða amtmönnum að veita, og gjöra greinarmun á þeim.

Landshöfðingi er forseti í landsyfirréttinum, og hann ræður því, hvort skjóta skuli saka- og lögreglumálum til hæstaréttar. Hann hefir og ráð yfir helmingi þess fjár, sem alþingi veitir til óvissra útgjalda og til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

Allar almennar skýrslur um hagi landsins á að senda til landshöfðingja.

Ef landshöfðingi hefir forföll, eða ef hann deyr, á forstjórinn í landsyfirréttinum að hafa störf hans á hendi, nema ráðgjafinn hafi skipað öðruvísi fyrir.

Svo sem nú hefir sýnt verið, er landshöfðinginn æðsti liðurinn í innanlandsstjórn Íslands í öllum málum bæði andlegum og veraldlegum. En fyrir neðan hann liðast valdið í ýmsar greinir.

Mál þau, er snerta stjórn landsins frá efsta

stigi til hins lægsta, skiptast í tvo aðalflokka, það er: veraldleg mál og andleg mál.

Næstir landshöfðingjanum eru amtmennirnir. Þeir eru tveir; annar er yfir suður- og vesturamtinu, og situr í Reykjavík; hinn er yfir norður- og austuramtinu, og situr á Akureyri.

Amtmennirnir hafa afskipti af flestum hinum veraldlegu málum, hvor í sínum ömtum, undir umsjón landshöfðingja. Amtmaðurinn á að hafa eptirlit með veraldlegum embættismönnum í ömtum sínum og löggilda embættisbækur þeirra. Hann á að skipa hreppstjóra, sáttanefndamenn og umboðsmenn sýslumanna, bólusetjara og yfirsetukonur. Hann skipar og setudómara; en setudómari er sá maður kallaður, sem settur er til að dæma í einhverju máli, er hinn reglulegi dómari ekki getur eða má dæma í því. Gjafsókn veitir amtmaður í málum fyrir undirrétti og skipar málfærslumenn í þeim. Hann skipar og fyrir um höfðun sakamála og opinberra lögreglumála og skýtur þeim til yfirdóms. Hann getur lagt fullnaðarúrskurð á ýms lítilfjörleg sakamál og lögreglumál, þegar kærandi óskar þess. Hann hefir yfirstjórn allra lögreglumála í ömtum sínum, og getur gefið út ýmsar skipanir, er að því lúta.

Amtmaður hefir á hendi æðstu fjárforráð ómyndugra og umsjón yfir fjárhaldsmönnum þeirra.

Hann úrskurðar, hvort gjöra skuli menn ómynduga, og um meðlag með óskilgetnum börnum og fráskildum konum, og konum, sem skildar eru frá mönnum sínum að borði og sæng.

Amtmaður hefir enn fremur umsjón með landssjóðsjörðum og byggingu þeirra, og með umboðsmönnum landssjóðsjarða. Einnig hefir hann á hendi yfirstjórn yfir öllum heilbrigðismálum, hvort sem er manna eða fénaðar.

Amtmaður gefur út ýms konungleg leyfisbréf, svo sem leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng; einnig hefir hann vald til að staðfesta eða neita að staðfesta leyfi til að selja vínföng til neyzlu á staðnum eða til að halda regluleg veitingahús.

Amtmaður er formaður amtsráðsins og hefir yfirstjórn sveitamálefna á hendi milli amtsráðsfunda. Hann hefir staðfestingar- og neitunarvald um fiskiveiðasamþykktir, og ferjureglugjörðir samþykkir hann.

Amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu hefir auk þess, sem nú hefir verið talið, yfirstjórn allra kirkjumála og kennslumála með biskupinum.

Þareð embættisskyldur og verksvið hinna annara embættismanna og embættisþjóna eru einkum bundnar við sérstakar greinir framkvæmdarvaldsins, eru þeir ekki hér taldir upp sérstaklega. En um leið og lýst verður þessum sérstöku greinum, mun

verða skýrt frá verksviði og embættisskyldum þessara embættismanna.

Þær greinir framkvæmdarvaldsins, er hér verður skýrt fá, eru: lögreglumálefni, kirkjumálefni, kennslumálefni, heilbrigðismálefni, vegir og póstgöngur, skattamál, þjóðeignir og opinberir sjóðir, og sveitastjórn.

1. Lögreglumálefni.

Neðstur í lögreglustjórninni er hreppstjórinn. Sýslunefndin nefnir 3 menn til hreppstjórnar í hverjum þeim hreppi, þar sem hreppstjóralaust er, og velur amtmaður einn þeirra til hreppstjóra.

Hreppstjórinn er umboðsmaður sýslumanns og á að hafa allt það eptirlit og alla þá umsjón með því, að lögunum sé fylgt í hans hreppi, sem sýslumaður á að hafa.

Hreppstjóri er skyldur til að veita hreppsnefndinni alla þá hjálp, sem hann getur, ekki að eins til þess, að góð regla haldist í sveitinni, heldur og í þeim málum, sem eingöngu heyra undir hreppsnefndina.

Hreppstjóri á að hafa vakandi auga á því, að almenningur hlýði lögunum, og hverjum þeim ráðstöfunum, sem yfirvöldin kunna að gjöra. Það er skylda hans að gjöra sýslumanni kunnugt, ef einhver gjörir sig sekan í einhverju lagabroti, og

má hann jafnvel taka menn fasta, sem grunaðir eru um alvarlega glæpi.

Hreppstjóri á að framkvæma fógetagjörðir og fjárnám eða taka lögtak eptir boði sýslumanns og amtmanns. Hann á að skrifa upp muni dánarbúa og virða þá; hann heldur og minni uppboð (þ. e. undir 200 kr.) eptir skipun sýslumanns. Hreppstjóri er ætíð annar úttektarmaður. Hreppstjóri boðar til hreppskila vor og haust, og stjórnar þeim fundum. Þar á hann að taka við framtali manna á tíundarbæru fé. Hann á að sjá um, að menn teli til gjalda allan þann gjaldstofn, er lögboðin gjöld hvíla á, hvort heldur eru eignartekjur, atvinnutekjur eða hús. Hann er og formaður skattanefndar.

Hreppstjóri á að semja skýrslur:

1. um framtal lausafjár á vor- og hausthreppskilum;
2. um búnaðarástand;
3. um þá, sem tekjuskatt eiga að greiða;
4. um hundahald;
5. um verðlag á landaurum;
6. um verkfæra menn í hreppnum, sem eru eldri en 20 ára, en yngri en sextugir;
7. um alla þá hreppsbúa, sem tíunda meira lausafé en eitt hundrað.

Frá skyldum hreppstjóranna er greinilega skýrt í »Reglugjörð fyrir hreppstjóra« 29. apríl 1880.

Næstir fyrir ofan hreppstjóra eru sýslumenn. Þeir eru 17 á landinu, og bæarfógetar 3: í Reykjavík, á Ísafirði og á Akureyri; en bæarfógetinn á Ísafirði er einnig sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæarfógetinn á Akureyri sýslumaður í Eyafjarðarsýslu. Með tilliti til afskipta sýslumanna og bæarfógeta af lögreglustjórn eru þeir kallaðir lögreglustjórar.

Sýslumaður á að hafa gætur á því, að öllum gildandi lögum sé fylgt, og að almenn regla viðhaldist í sýslunni. Ef hann hefir komizt að því annaðhvort af skýrslum hreppstjóra eður á annan hátt, að einhver hafi framið glæp, eða brotið móti almennri reglu eða siðsemi, eða almennum lögum eða ráðstöfunum, þá er það skylda hans að halda rannsókn um það, og dæma manninn í sektir eða aðra hegningu, sem lögin ákveða.

Sýslumaður er skyldur til að kveðja menn til bjargar, þegar einhvern stórkostlegan voða ber að höndum, svo sem skipströnd, eldsvoða eða annað þess konar, og að gjöra ráðstafanir til þess, að sem minnstur verði skaði, er orðið getur, bæði á lífi manna og eignum. Hann hefir og rétt til að kveðja menn sér til hjálpar til að stöðva óspektir eða aðra óreglu.

Sýslumaður á að skrifa á skjöl skipa þeirra, er koma frá útlöndum; mega þau eigi afferma né láta úr höfn fyr en svo hefir verið gjört.

Um hluttekningu sýslumanna í sveitastjórn verður talað í kaflanum um sveitastjórnarmál; um gjaldheimtu þeirra í köflunum um skattamál og þjóðeignir. En um hin eiginlegu dómarastörf þeirra, fógetagjörðir, nótaríalgjörðir, skiptingu á dánarbúum o. fl. verður talað í kaflanum um dómsvaldið.

Það, sem hér hefir verið sagt um sýslumenn, gildir og um bæarfógeta.

2. *Kirkjumálefni.*

Kirkjumál eða andleg mál eru undir hinni sömu stjórn og veraldleg mál, frá konungi til landshöfðingja, en þar fyrir neðan hefir kirkjan sína stjórn, eins og hin veraldlegu mál hafa sína.

Neðsti liður í þessari stjórn eru prestarnir. Skilyrðin fyrir því, að nokkur geti fengið prestsembætti á Íslandi, eru: *að* hann hafi útskrifazt úr Bessastaðaskóla, prestaskólanum eða frá háskólanum; *að* hann sè meðlimur þjóðkirkjunnar; *að* hann hafi innfæddra rétt á Íslandi, skili og tali íslenzku og sé fullra 25 ára (þó geta menn 23 ára fengið aldursleyfi); *að* hann sé siðferðisgóður, hafi

hvorki gjört sig sekan í lauslæti né drykkjuskap. Enn fremur er söfnuðunum með lögum 8. janúar 1886 leyft að kjósa presta sína með þessum takmörkunum: Þegar fleiri en 3 sækja um eitthvert brauð, velur landshöfðingi með ráði biskups 3 af þeim til kosningar, og ef 3 sækja, þá 2. Síðan sendir biskup umsóknarbréf þeirra, og beggja, ef að eins 2 sækja, til hlutaðeigandi prófasts, og lætur hann þau liggja til sýnis í prestakallinu í 2 vikur. Innan þess tíma á sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar að láta hann vita, hvort þeir vili nota kosningarrétt sinn. Skal prófastur þá innan tveggja vikna boða kjörfund. Á honum eiga atkvæðisrétt allir meðlimir þjóðkirkjunnar heimilisfastir í prestkallinu, ef þeir eiga atkvæði á safnaðarfundi, eru 25 ára og hafa óspillt mannorð. Prófasturinn stýrir kosningunum með tveimur mönnum, er safnaðarnefndirnar hafa kosið. Ef helmingur safnaðarmeðlima eða fleiri eru á fundi, fær sá veitingarbréf, sem fengið hefur að minnsta kosti helming þeirra atkvæða, er greidd voru. Veitingarbréfið fær hann hjá landshöfðingja, ef brauðið er minna metið en 1800 kr.; að öðrum kosti hjá konungi. Sæki eigi nema einn um brauð, mega safnaðarmeðlimir láta uppi tillögu um, hvort þeir vili hafa hann fyrir prest eða fá settan prest til

að þjóna brauðinu, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Að því er trúarbrögðin snertir, eru embættisskyldur presta einkum þessar:

1. Þær, sem snerta guðsþjónustuna í kirkjunni, svo sem messuna og prédikunina.
2. Þær, sem snerta sakramentin, skírnar- og kvöldmáltíðarsakramentið.
3. Þær, sem snerta uppfræðingu ungdómsins í trúarbrögðunum, barnaspurning, ferming og húsvitjun.
4. Þær, sem lúta að hjónabandi.
5. Skyldur við veika og sakamenn.
6. Skyldur við greptrun dauðra.
7. Skyldur að vaka yfir siðferði manna.
8. Umsjón yfir kirkjunum.
9. Umsjón með uppeldi og uppfóstri barna.

Presturinn hefir og ýms önnur embættisstörf en þau, er snerta hans andlega embætti.

1. Hann er kúabólusetjari í sóknum sínum.
2. Hann er venjulega sáttasemjari í sínu sáttaumdæmi.
3. Hann á að hjálpa hreppstjórum til að búa til landbúnaðartöflur.
4. Hann á að sjá um, að börn læri skript og reikning, samkvæmt »Lögum um uppfræð-

ingu barna í skript og reikningi« 9. janúar 1880.

5. Hann á árlega að gefa skýrslu um gipta, fædda og dauða í sóknum sínum; um fermd börn; um manntalið í sóknunum; um málausa og heyrnarlausa; um hverir andlegrar stéttar menn sè í sóknum hans; um andvanafædd börn; um gangverð í sóknum sínum frá veturnóttum til veturnótta; um alla þá, er hann hefir grafið á árinu, og um alla þá, er hafa verið bólusettir.

Vottorð á presturinn að gefa, þegar um er beðið: í sakamálum og sveitfestumálum; um fátækt og ástand þeirra, er beiðast styrks af almenningsfé; þeim, sem sækja um að verða myndugir yfir aldur fram; þeim, sem vilja sitja í óskiptu búi, og í hjónaskilnaðarmálum. Fermingarseðil, prestsseðil og bólusetningarseðil er hann einnig skyldur til að gefa.

Næstir prestunum eru prófastar. Þeir eru 1 í flestum sýslum og í fáeinum 2. Biskup setur prófasta.

Þeir eiga yfir höfuð að gæta þess, að prestar í prófastsdæminu gegni skyldum sínum, bæði þeim, sem lögboðnar eru, og svo þeim, er biskup kann að fyrirskipa.

Prófastur á að vísitéra hverja kirkju í um-

dæmi sínu annaðhvort ár að minnsta kosti, og grennslast þá eptir, hvernig prestar gegna embættisskyldum sínum, og hvernig kristnihald er almennt og uppfræðsla ungmenna í söfnuðum þeirra. Hann á og að skoða kirkjur og rannsaka kirkjureikninga, og grennslast eptir, hvernig prestar siti lénsjarðir. Í hverjum af greinum þessum, er prófasti þykir eitthvað aflaga fara, á hann að sjá um, að ráðin verði bót á því eða skrifa biskupi um það.

Prófastur á að skýra biskupi frá, þegar prestlaust verður í einhverju brauði, og sjá um, að því sé þjónað, þangað til prestur kemur þangað aptur. Hann á að setja inn presta og taka út kirkjur og kirkjustaði.

Í ýmsum tilfellum á prófastur að fremja prestsverk fyrir utan prestakall sitt, svo sem hjónavígslur sóknarpresta og yfirsöng yfir þeim.

Prófastur á að gefa líkar skýrslur fyrir umdæmi sitt og prestar fyrir sóknir sínar.

Um dómsvald prófasta verður talað síðar.

Biskupinn er æðsti andlegur embættismaður á landinu. Hann á að sjá um, að prestar og prófastar gegni skyldum sínum, kenni samkvæmt Ritningunni og undirstöðulærdómum hinnar lútersku trúar.

Skyldur biskups eru teknar fram í erindisbréfi

biskupanna, dags. 1. júlí 1746. Eptir þessu bréfi eiga biskupar að fara yfir nokkurn hluta umdæmis síns á hverju ári.

Skálholtsbiskup átti að hafa komið til hverrar kirkju í umdæmi sínu á hverjum 5 árum, en Hólabiskup í sínu umdæmi á hverjum 3 árum. Eptir þessu ætti biskup nú að koma til hverrar kirkju á landinu einu sinni á hverjum 8 árum. Á þessum ferðum á biskup að grennslast nákvæmlega eptir embættisfærslu og líferni presta, lærdómi þeirra o. s. frv. Eins á hann að grennslast eptir öllu trúarlífi og siðferðislífi safnaðanna. Biskup hefir vald til að setja þá prófasta frá embætti um stundar sakir, er hann finnur, að hneyxli hafa valdið í embættisfærslu eða daglegu líferni, og á hann þegar að láta höfða mál á móti þeim til sekta eða embættismissis. Hann má og sekta presta fyrir smá-yfirsjónir.

Biskup úrskurðar byggingarreikninga kirkna, samþykkir úttektir þeirra og prestsetra, hefir yfirumsjón með öllum fjárráðum kirkna og samþykkir afhendingu þeirra til safnaðanna.

Biskup vígir presta og skipar prófasta. Hann veitir undanþágu frá hinum lögboðna fermingaraldri.

Biskup á að sjá um, að ætíð sé nóg til af nauðsynlegum guðsorðabókum. Hann má leyfa undantekningar frá fyrirmælum laganna um barnafermingar.

Biskup á að senda stjórninni útdrátt úr árlegum skýrslum þeim, er prestar og prófastar senda honum. Hann er einnig skyldur til að láta hvern, sem beiðist, fá eptirrit af kirkjumáldögum í skjalasafni biskupsdæmisins.

Með amtmanninum yfir suðuramtinu hefir biskup yfirumsjón með öllum kirknaeignum og yfirstjórn allra kennslumála. Að því er þessar skyldur snertir, eru amtmaðurinn yfir suðuramtinu og biskupinn kallaðir stiptsyfirvöld.

Biskup á að gjöra verðlagsskrár með amtmönnunum; gjörir hann það annaðhvort sjálfur eða gefur einhverjum prestum eða próföstum myndugleika til þess.

Skyldum og réttindum hinnar andlegu stéttar er nákvæmlega lýst í Kirkjurétti Jóns Péturssonar háyfirdómara.

Með »Lögum um stjórn safnaðarmála« 27. febr. 1880 er hverri sókn gefinn kostur á að taka nokkurn þátt í stjórn kirkjumálanna, með því að prestum er gjört að skyldu að halda fund á ári hverju í júnímánuði með sóknarmönnum sínum, og heitir sá fundur safnaðarfundur. Á þessum fundi má ræða öll kirkjuleg málefni safnaðarins, og gjöra ályktanir um þau. Atkvæðisrétt á þessum fundi hefir hver sóknarmaður, sem geldur nokkuð til prests og kirkju. Á þessum fundi á einnig að

kjósa þrjá menn í sóknarnefnd. Sú nefnd á að aðstoða prestinn í því að við halda góðri og kristilegri reglu bæði í söfnuðinum og við guðsþjónustuna; hún á og að sjá um uppfræðingu barna með prestinum; meðlimir hennar eru meðhjálparar prestsins. Kjörgengir til sóknarnefndar eru allir þeir, sem hafa atkvæðisrétt á safnaðarfundi.

Í hverju prófastsdæmi er héraðsnefnd. Héraðsprófastur og allir sóknarprestar eru sjálfkjörnir í hana. Enn fremur er í hana kosinn einn safnaðarfulltrúi úr hverri kirkjusókn, og er hann kosinn á safnaðarfundi. Þessi nefnd á að eiga fund í septembermánuði ár hvert, og er prófasturinn sjálfkjörinn forseti þess fundar.

Fundur þessi leggur úrskurð á alla kirkjureikninga prófastsdæmisins. Hver nefndarmaður hefir rétt til að bera upp á þessum fundi tillögur sínar, umkvartanir eða uppástungur um kirkjuleg málefni, svo sem um uppfræðingu barna, reglu og siðsemi í söfnuðunum, embættisfærslu presta, eignir kirkna og meðferð á fé þeirra, um niðurlagning og færslu kirkna og breytingar á sóknum og prestaköllum. Enga breytingu má gjöra á takmörkum sókna eður prestakalla, né leggja niður kirkjur eða færa þær úr stað, mema meiri hluti héraðsnefndarmanna þeirra, er hlut eiga að

máli, samþykki breytinguna. Prófastur sendir biskupi allar samþykktir héraðsfundarins.

Stiptsyfirvöldin halda og fund á ári hverju með nokkrum prestum og próföstum úr þeim prófastsdæmum, sem næst eru Reykjavík, og er sá fundur kallaður sýnódus. Þessi fundur er nú orðinn þýðingarlítill, og er þar lítið annað gjört en að skipta prestekkna og uppgjafapresta peningum.

3. Kennslumálefni.

Stiptsyfirvöldin hafa yfirumsjón yfir öllum kennslumálum Íslands.

Skólar þeir, er standa beinlínis undir stjórn landsstjórnarinnar, eru þessir:

1. Prestaskólinn. Þessi skóli var stofnaður með konungsúrskurði 21. maí 1847. En reglugjörð hans er samin 30. júli 1850, og er henni lítið eitt breytt með bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 26. febr. 1872.

Kennendur skólans eru: forstöðumaður og 2 kennarar.

Kennslugreinir í skólanum eru: biflíuþýðing, trúarfræði, siðafræði, kirkjusaga og kirkjuréttur, sálarfræði og hugsunarfræði, og kennimannleg guðfræði, þ. e. prédikun, barnaspurning, vitjun sjúkra o. s. frv.

Þeir, sem teknir eru í skólann, verða að hafa

tekið próf við lærða skólann; en í prestaskólanum skal námi þeirra lokið á 2 árum. Samt skal ekki fyrirmunað þeim, sem æskja þess, að halda áfram námi sínu um lengri tíma. Skólaárið er frá 1. október til 30. júní árið eptir.

2. Læknaskólinn. Þessi skóli var stofnaður með lögum 11. febr. 1876, en þeim lögum er í sumu breytt með lögum 8. nóvbr. 1883. Reglugjörð skólans er samin 9. ágúst 1876.

Landlæknirinn er forstöðumaður skólans og kennari við hann. Einn kennari er honum til aðstoðar, og auk þess er læknirinn í Reykjavíkur læknisumdæmi skyldur til að kenna í honum.

Í skólanum eru kenndar: líkskurðarfræði, líffærafræði, efnafræði, grasafræði, lyfjafræði, almenn veikindafræði og lækningafræði, sérstakleg medisínsk veikindafræði, lagaleg læknisfræði, heilbrigðisfræði og yfirsetufræði.

Svo er tilætlazt, að nemendur ljúki námi sínu á 4 árum.

Þeir, sem vilja komast í læknaskólann, verða að hafa tekið próf við lærða skólann.

Áður en nemendur í þessum skóla ganga undir burtfararpróf, verða þeir að hafa tekið próf í sálarfræði og hugsunarfræði við prestaskólann. Skólaárið telst frá 1. október til 30. júní árið eptir.

3. Lærði skólinn. Þessi skóli er í öllum höfuðgreinum færður í það skipulag, sem hann hefir nú, með konungsúrskurði 24. apríl 1846. En sú reglugjörð, er nú gildir, var samin 12. júlí 1877, og fáeinar breytingar voru við hana gjörðar 7. nóv. 1879 og 2. maí 1883.

Kennendur þessa skóla eru: skólameistari, yfirkennari og 5 undirkennarar; enn fremur söngkennari og fimleikakennari.

Þeir, sem komast vilja í þennan skóla, mega eigi vera yngri en 12 ára og eigi eldri en 18 ára. Þeir verða að vera læsir og skrifandi, og kunna réttritun nokkurn veginn. Þeir verða að hafa lesið nokkuð í dönsku og latínu og hin helztu atriði hinnar íslenzku málfýsingar. Enn fremur verða þeir að hafa lesið yfirlit yfir landafræðina, hina helztu viðburði í veraldarsögunni og ágrip af Íslands sögu; enn fremur fjórar aðalgreinir talnafræðinnar í heilu og brotnu. Í þessum greinum eru þeir prófaðir, áður en þeir fá inngöngu í skólann.

Skólanum er skipt í 6 bekki, og kennslunni er svo hagað, að henni sé lokið á 6 árum. Þó geta menn komizt inn í efri bekk í skólanum en hinn neðsta, en þá verða þeir að ganga undir próf í sömu greinum og lærisveinar, sem flytjast eiga í þann bekk, sem þeir ætla að komast í.

Kennslugreinir skólans eru: íslenzka, danska, enska, frakkneska, gríska, latína, þýzka, trúarbrögð, sagnafræði, landafræði, stærðafræði og reikningslist; eðlisfræði og náttúrufræði; söngur, leikfimi og teiknun.

Skólaárið er frá 1. október til 30. júní árið eptir.

4. Möðruvallaskólinn. Þessi skóli er settur í það skipulag, sem hann hefir nú með lögum 4. nóvbr. 1881. En reglugjörð hans er samin 28. júlí 1882.

Kennendur þessa skóla eru: skólastjóri og 2 kennarar.

Þeir, sem vilja komast í þennan skóla, verða að vera fermdir, læsir og skrifandi.

Kennslugreinir skólans eru: íslenzka, danska og enska; sagnafræði og landafræði, einkum landafræði og saga Íslands, ásamt yfirliti yfir löggjöf þess í landsrétti og landsstjórn; reikningur, rúmfræði og landmæling; dráttlist; náttúrufræði; söngfræði og leikfimi.

Kennslunni skal svo hagað, að henni verði lokið á 2 vetrum. Skólaárið er frá 1. október til 14. maí árið eptir.

Kostnaðurinn við alla þá skóla, sem nú hafa verið taldir, er greiddur að öllu leyti úr landssjóði.

En margir aðrir skólar fá nokkurn styrk úr landssjóði, og eru því að nokkru leyti undir umsjón og stjórn landsstjórnarinnar.

Með landshöfðingjabréfum 23. febr. og 12. marz 1878 er þeim skólum, er fá styrk úr landssjóði, gjört að skyldu að senda stiptsyfirvöldunum eptirrit af reglugjörð þeirra, og í lok hvers skólaárs skýrslur um hagi skólanna hið liðna ár, um tölu þeirra, sem í þá hafa gengið, um það, hvernig kennslunni hafi verið hagað, um próf þau, er haldin hafa verið í skólunum, og um efnahag þeirra.

Þessir skólar eru: kvennaskólar, búnaðarskólar, alþýðuskólar og barnaskólar.

Sérstaklega má nefna Flensborgarskólann, sem er bæði gagnfræðaskóli, alþýðuskóli og barnaskóli. Að því er gagnfræðakennsluna snertir, eru þar kenndar hinar sömu námsgreinir og í Möðruvallaskólanum, en skólaárið er eigi nema frá 1. oktbr. til 31. marz árið eptir.

Skólinn er að sumu leyti undir stjórn sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu.

Kvennaskólarnir eru þrír: í Reykjavík, á Ytri-Ey í Húnavatnssýslu og á Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu. Í öllum þessum skólum er bókfræðiskennsla og hannyrðakennsla. Skólar þessir eru

undir umsjón amtsráðanna, en nefndir í héruðum hafa nákvæmara eptirlit með þeim.

Búnaðarskólar eru þrír: í Ólafsdal í Dalasýslu, á Hólum í Hjaltadal, og á Eyðum í Múlasýslu.

Í búnaðarskólunum er búfræði kennd bæði bóklega og verklega; en auk þess eru í þeim kenndar ýmsar almennar fræðigreinir, svo sem íslenzka, danska, reikningur, landafræði og náttúrufræði.

Um stjórn búnaðarskólanna á Hólum og Eyðum er sama að segja og um stjórn kvennaskólanna.

Alþýðuskóli annar en í Flensborg er að eins í Hléskógum í Þingeyjarsýslu. Þar eru kenndar þessar námsgreinir: íslenzka, danska, enska, reikningur, landafræði og náttúrufræði. Skólatíminn er frá veturnóttum til sumarmála.

Barnaskólar eru margir á landinu, og hafa margir þeirra haft og sumir hafa enn nokkurn styrk úr landssjóði. Skólar þessir eru undir stjórn sveitastjórnanna, þar sem þeir eru; en þeir, sem hafa styrk úr landssjóði, verða að senda stiptsyfirvöldunum skýrslur þær, sem nefndar eru í landshöfðingjabrèfi 12. marz 1878, eins og getið er um hér að framan.

Barnaskóli Reykjavíkur er lögskipaður með til-

skipun 12. desbr. 1860, og barnaskólinn á Isafirði með lögum 11. febr. 1876.

Í barnaskólunum er kennsla í lestri, skript, trúarbrögðum, reikningi. Í sumum barnaskólum er einnig kennsla í landafræði og sögu, íslenzku og dönsku.

Með lögum 9. janúar 1880 er skipað, að öll börn, sem til þess eru hæf að áliti prests og meðhjálpara, læri skript og einfaldan reikning, þótt ekki gangi þau í skóla. Eiga prestar að sjá um, að lögum þessum sé hlýtt, svo sem að framan er á vikið.

Tilskipun 26. febrúar 1872 ákveður, að heyrnarlausum og mállausum börnum skuli komið í kennslu, þegar þau eru 10—12 ára; og hefir séra Páll Pálsson í Þingmúla haft slíka kennslu á hendi. Ef vandamenn barna geta eigi kostað kennsluna, er borgað með þeim úr jafnaðarsjóði amtsins.

Hin síðustu ár hefir verið kennsla í sjómannafræði í Reykjavík og á Ísafirði, og hefir verið veittur styrkur til þessarar kennslu úr landssjóði.

4. Heilbrigðismálefni.

Landlæknirinn yfir Íslandi er umsjónarmaður yfir öllum heilbrigðismálum landsins; hann er og

forstöðumaður læknaskólans. Í erindisbréfi dagsettu 25. febrúar 1824 eru skyldur landlæknisins teknar fram.

Þar er meðal annars ákveðið, að hann skuli hafa vakandi auga á öllu því, er geti viðhaldið og eflt heilbrigði landsmanna. Að svo miklu leyti sem honum er unnt, á hann að taka eptir hinum tíðustu landfarsóttum, og reyna að koma í veg fyrir þær, með því að benda landsmönnum á það, sem hann ætlar skaðlegt í mataræði þeirra, lifnaðarhætti og aðbúnaði. Að því leyti sem honum er unnt, á hann að sjá um, að menn eigi neyti þeirra matvæla, er óholl eru heilsu þeirra. Verði hann þess var, að vatn á einhverjum stað sè óheilnæmt, á hann að skýra yfirvaldinu frá því, og gjöra uppástungur um, hvernig úr því verði bætt. Þegar honum er tilkynnt, að útlendar matvörur sè fluttar inn í landið, á hann að sjá um, að þær sè óskaðvænar heilsu manna.

Komi upp óvenjulega ákafir sjúkdómar í einhverju héraði, svo héraðslæknirinn fær eigi viðráðið, á landlæknir að vitja þess héraðs og rannsaka sjúkdóminn nákvæmlega, leggja héraðslæknum ráð um meðferð á honnm, fá til fleiri lækna, ef þörf gjörist, og vera í samráði með amtmanni eða yfirvaldi að hindra útbreiðslu sjúkdómsins og fá honum útrýmt.

Lyfsalar og lyfjabúðir eru undir umsjón landlæknisins. Hann á því að skoða þær með héraðslækninum og amtmanni eða sýslumanni eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og sjá um, að þar sé til næg og góð meðul. Þegar lyfjabúðir liggja fjarri landlækninum, þarf hann eigi að skoða þær nema annað hvort eða þriðja hvert ár sjálfur, en getur þá falið héraðslækninum að gjöra hinar árlegu skoðanir. Landlæknirinn á og að sjá um, að meðulin sé eigi seld dýrari en tiltekið er í lyfjaverðská þeirri, er gildir á Íslandi. Enn fremur er honum skylt að annast um, að hver lyfsölumaður hafi meðhjálpara, sem sé fær um að standa fyrir sölu meðalanna, ef lyfsölumaður er sjálfur veikur eða fjarverandi. Jafnframt á hann einnig að sjá um, að aðrir en lyfsölumenn og læknar selji eigi meðul.

Með »Lögum um skipun læknahéraða á Íslandi« 15. október 1875 er ákveðið, að 20 skuli vera læknahéruð á landinu, en síðan hafa verið sett 5 aukalæknishéruð.

Skyldur héraðslækna eru nákvæmlega teknar fram í erindisbréfi 25. febr. 1824.

Læknirinn á að vera búsettur þar í umdæmi sínu, sem hægast er að ná til hans. Hann má eigi vera 2 dögum lengur utan umdæmis síns án amtmanns leyfis, og á þá amtmaður að setja lærð-

an lækni í hans stað. Ætli læknirinn að vera lengi frá umdæmi sínu, á hann að láta landlækni vita af því. Þegar hann er sóttur til sjúklings á hann að láta vita, hvert hann fer, svo þeir geti fundið hann, er þurfa hans.

Hann er skyldur að fara til allra sjúklinga, sem þurfa hans og leita hans, hvort heldur er á nótt eða degi, langt eða skammt í burtu, en heimtingu á hann á fararbeina og ferðakostnaði, svo sem tiltekið er í læknalögunum 15. október 1875.

Héraðslæknir hefir sömu skyldur í umdæmi sínu um eptirlit með öllu því, er heilbrigði almennings snertir, og hér er sagt að framan, að landlæknir hafi um allt land. Um eptirlit með lyfsölum og lyfjabúðum, sem í hans umdæmi eru, hefir hann einnig hinar sömu skyldur og landlæknir.

Héraðslæknirinn á að hafa umsjón með yfirsetukonum, að þær gegni skyldum sínum rækilega.

Komi ákafar landfarsóttir, á héraðslæknir í samráði með amtmanni að stinga upp á og gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til að stöðva sýkina og uppræta hana.

Þar sem einhver veiki liggur í landi, á héraðslæknir að rannsaka hana nákvæmlega, svo og

lifnaðarhátt manna þar, og gefa ráð við henni. Sýnist honum einhverjar sérlegar ráðstafanir nauðsynlegar, á hann að senda um það uppástungu til amtmanns eða næsta yfirvalds og skýra landlækni jafnframt frá því. Hann á og að sjá um, að bólusetningar sé ekki vanræktar; en prestar eru kúabólusetjarar í sóknum sínum samkvæmt konungsbréfi 24. marz 1830.

Héraðslæknir á og að sjá um, að enginn í hans umdæmi selji í leyfisleysi meðul eða eiturtegundir, og einnig, að aðrir fáist eigi við lækningar en þeir, sem rétt hafa til þess. En samkvæmt lögum 29. febr. 1884 er mönnum ekki saknæmt að fást við lækningar, þótt eigi sé þeir lærðir læknar eða hafi sérstaklegt leyfi til þess, nema þeir gjöri skaða með þeim.

Héraðslæknar eiga að senda landlækni almennar heilbrigðisskýrslur.

Með yfirsetukvennalögunum 17. desbr. 1875 er ákveðið, að hverri sýslu landsins skuli skipt niður í yfirsetukvennaumdæmi. Amtsráðið ákveður, hve mörg þau skuli vera, og eptir tillögum sýslunefndar, hve stór þau skuli vera. Ein yfirsetukona á að vera í hverju umdæmi og sitja þar, sem sýslunefndin ákveður. Hver kaupstaður á og að hafa eina eða fleiri yfirsetukonur.

Sýslusjóðir og bæjarsjóðir borga laun og eptir-

laun yfirsetukvenna, en kostnað við kennslu þeirra og áhaldakaup borgar landssjóður.

Engin getur orðið yfirsetukona, nema hún hafi lært í fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn, hjá landlæknunum eða héraðslæknunum í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði. Yfirsetukonurnar í Reykjavík verða að hafa lært í Kaupmannahöfn. Ef lærð yfirsetukona getur eigi fengizt, má sýslunefndin til bráðabirgða setja ólærða yfirsetukonu, ef hún er reynd að dugnaði.

Yfirsetukona er skyld að hjálpa hverri sængurkonu í umdæmi hennar, sem æskir þess. Ef yfirsetukona hefir forföll, er yfirsetukona í næsta umdæmi skyld til að gegna skyldum hennar, ef hún getur það án þess að vanrækja sínar eigin skyldur.

Yfirsetukonur eru undir umsjón landlæknis og héraðslækna, og eru skyldur þeirra nákvæmar tilteknar í reglugjörð fyrir yfirsetukonur 15. nóv. 1877.

Með lögum 17. desbr. 1875 og 24. oktbr. 1879 um sóttvarnir, er ákveðið, að skip, sem koma frá löndum, þar sem pestkynjaðir sjúkdómar ganga, skuli koma fyrst við í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði, til að verða rannsökuð. Bæði ráðgjafa og landshöfðingja er með lögum þessum heimilað að gjöra þær ráð-

stafanir, er þurfa þykir, til að hindra það, að sjúkdómar flytjist með skipum inn í landið. Þeir geta bannað samgöngur milli lands og þeirra skipa, er hætta þykir við, að flytji með sér sóttnæmi, og einnig bannað aðflutninga á þeim vörum, er ætla má, að flytji sóttarefni. Skip þau, sem hér er talað um, eru skyld til að hafa grænt flagg efst á stóru siglunni, er þau sigla í höfn hér við land, eða hvítt, ef grænt er ekki til.

Í 15. gr. tilskipunar um sveitastjórn 4. maí 1872 er sagt, að hreppsnefndir hver í sínum hreppi skuli hafa gætur á heilbrigðisásigkomulaginu í hreppnum samkvæmt þeim reglum, sem amtsráðið eða landshöfðinginn skipa fyrir um það. Í 39. gr. 4. sömu tilskipunar er sýslunefndum gjört að skyldu að hafa eptirlit með bólusetningum, skipun ljósmæðra og framkvæmdum hinna sérstaklegu heilbrigðisnefnda.

5. *Vegir og póstgöngur.*

Vegamálum er skipað með »Lögum um vegi« 10. nóvbr. 1887, og skal hér telja helztu ákvæði þeirra. Þar segir, að vegir á Íslandi skuli vera aðalpóstvegir, sýsluvegir, fjallvegir og hreppavegir. Aðalpóstvegir eru þeir vegir, þar sem aðalpóstleiðir liggja. Sýsluvegir eru vegir, er liggja í kaupstaði og fiskiver, eða þar sem þjóðbraut liggur um

sýslu, en er þó eigi aðalpóstleið. Fjallvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar, þar sem eigi liggja aðalpóstleiðir. Hreppavegir eru vegir bæa á milli í byggð, þar sem eigi er aðalpóstleið eða þjóðbraut.

Aðalpóstvegir eru undir umsjón amtsráða og yfirumsjón landshöfðingja, og kostar landssjóður þá, nema ef aðalpóstvegur liggur um sýslu endilanga, þá skal allt að helmingi sýsluvegagjalds þeirrar sýslu ganga til vegagjörðarinnar. Sýslusjóðirnir kosta sýsluvegina, og eru þeir undir umsjón sýslunefnda og yfirumsjón amtsráða. Hreppasjóðirnir kosta hreppavegina, og eru þeir undir umsjón hreppsnefnda og yfirumsjón sýslunefnda. Landssjóður kostar vegagjörð á fjöllum, og ráðstafar landshöfðingi henni eptir tillögu amtsráða og vegfróðs manns.

Aðalpóstvegir eru þessir: 1. Frá Reykjavík til Ísafjarðar. 2. Frá Reykjavík til Akureyrar, og þaðan til Seyðisfjarðar. 3. Frá Reykjavík til Prestsbakka, og þaðan til Eskifjarðar. Þessir vegir mega eigi vera minna en 6 álna breiðir, og halli má eigi meiri á þeim vera að öllum jafnaði en 3—4 þuml. á hverri alin. Landshöfðingi ræður verkstjóra til vegagjörða á vegum þessum. En sýslunefndir velja verkamenn til þeirra eptir samkomulagi við verk-

stjóra. Þennan starfa getur sýslunefndin falið oddvita sínum.

Vegagjald til sýsluvega er ½ dagsverk af hverjum verkfærum karlmanni frá 20—60 ára. Eiga hreppstjórar að senda sýslumanni fyrir lok marzmánaðar nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í hreppnum á þeim aldri. Ákveður sýslumaður vegagjaldið á hvern hrepp eptir því. Eiga hreppsnefndaroddvitar að taka gjaldið af sveitarsjóðnum og greiða sýslumanni það á manntalsþingum. Sýsluvegir mega eigi vera mjórri en 5 álnir.

Til hreppavega er hver búandi skyldur að leggja ½ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann 20—60 ára, sem verið hefir á heimili hans til næsta hjúaskildaga á undan. Greiða má hann vegagjaldið í peningum í stað þess að láta vinna dagsverkin. Ef lítið er að vinna í hreppnum, má sýslunefndin ákveða, að helmingur hreppsvegagjaldsins greiðist í peningum til sýsluvegasjóðs. En ef hreppsvegavinna er mikil í einhverjum hreppi af því, að þar eru hvorki aðalpóstvegir né sýsluvegir, má sýslunefnd ákveða, að helmingur á móts við hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr sýslusjóði. Hreppavegir mega eigi mjórri vera en 3 álnir.

Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sé gjörður um land hans, og efni tekið þar, sem næst er, ef eigi er skemmt tún, engi, yrkt land

eða umgirt land. En verði eigi hjá því komizt, að leggja veg yfir tún eða engi, yrkt land eða umgirt land, á landeigandi heimting á bótum fyrir, eptir mati dómkvaddra manna, af landssjóði, sýslusjóði eða sveitarsjóði, eptir því hvar vegurinn er lagður.

Þar sem mikil umferð er á vetrum, skal reisa nægilegar vörður, og sömuleiðis sæluhús.

Landshöfðingi semur reglugjörð um nákvæmari ákvæði um vegagjörðir.

Póstmálum á Íslandi er skipað með tilskipun 26. febr. 1872, lögum 15. oktbr. 1875 og 4. nóv. 1881. Landshöfðingi hefir á hendi stjórn póstmálanna innanlands. Næstur honum í stjórn póstmálanna er póstmeistarinn í Reykjavík. Skyldur hans eru ákveðnar í auglýsingu um póstmál á Íslandi 3. maí 1872. Póstmeistarinn hefir umsjón yfir öllum póstafgreiðslumönnum og bréfhirðingamönnum, undir yfirstjórn landshöfðingja. Í sameiningu með hlutaðeigandi amtmanni ber hann fyrir landshöfðingja uppástungur um, hverja skipa skuli póstafgreiðslumenn, og sér um, að sýslunum þeirra sé gegnt, þegar þær losna. Verði póstmeistari og amtmaður eigi ásáttir, skal amtmaður ráða fyrst um sinn.

Póstmeistari ræður bréfhirðingamenn eptir uppástungu póstafgreiðslumanns.

Póstmeistari á að ferðast um landið til að líta eptir hjá póstafgreiðslumönnum og öðru, sem getur verið póstgöngunum til eflingar. Í sameiningu með amtmanni ræður hann pósta í aðalpóstferðir og aukapóstferðir, en þó á amtmaður á þeim stað, er pósturinn byrjar ferð sína frá, að ráða. Póstmeistari skal til bráðabirgða skera úr öllum þeim málum um framkvæmd póstafgreiðslustarfa, sem eigi verður frestað til þess að fá úrskurð landshöfðingja. Hann semur reikninga um öll póstmál í landinu sjálfu, og sendir þá landshöfðingja.

Póstmeistari á að sjá um, að póstafgreiðslumenn og bréfhirðingamenn hafi til sölu frímerki þau, sem þarf.

Póstmeistari er skyldur til að hafa skrifstofu og skal hún vera opin 8 stundir hvern dag í 10 daga næst á undan hinum almennu burtfarardögum póstanna frá Reykjavík og í 4 daga næst á eptir að póstar eru komnir þangað. Á öðrum tíma árs á hún að vera opin 2 stundir á degi hverjum, nema á sunnudögum og helgidögum.

Póstmeistari á að senda landshöfðingja skýrslur um allt, sem mikilsvarðandi er fyrir póstmálin, og gjöra uppástungur um breytingar á fyrirkomulagi þeirra, er hann álítur hagfeldar.

Póstafgreiðslumenn eiga að sjá um póstafgreiðsluna þar á staðnum, og hafa gætur á því, að bréf-

hirðingamenn í hans umdæmi leysi af hendi störf sín eins og fyrir er skipað, og gefa þeim leyfi til ferðalaga, sem eigi eru lengri en 14 daga. Til þess að ferðast innanlands skal hann sækja um leyfi hjá póstmeistaranum, en hjá landshöfðingjanum til að ferðast erlendis. Ef honum liggur mikið á, má hann þó byrja ferðina, áður en leyfið er fengið, en jafnframt á hann að láta póstmeistarann vita af því og sjá um, að áreiðanlegur maður annist störf hans, meðan hann er í burtu. Póstafgreiðslumaður á að senda póstmeistara skýrslur um það, ef póstar eða bréfhirðingamenn vanrækja skyldur sínar.

Bréfhirðingamenn eru skyldir að taka við bréfum og sendingum, sem með póstum eiga að fara. Þeir eiga að rita á stundaseðil póstsins, hvenær hann kemur og hvenær hann fer, og sjá um, að pósturinn bíði eigi lengur en þörf gjörist. Hann verður að sækja um leyfi til að vera að heiman hjá póstafgreiðslumanni, eða hjá póstmeistara, ef lengur er en 14 daga, og verður hann að setja áreiðanlegan mann í sinn stað á meðan.

Póstmeistari og amtmaður í sameiningu eiga að ráða pósta, svo sem áður er sagt, og gjöra samning við þá, þar sem nákvæmlega sé tiltekið um ferðir þeirra og fargögn. Póstum skal harðlega bannað að taka nokkuð til flutnings utan-

pósts eða utantösku. Fari póstur ekki af stað á tilteknum tíma, eða hafi hann án nægrar ástæðu tafið of lengi á einhverjum stað, skal hann sæta sekt. Hafi veður eða önnur óviðráðanleg atvik hamlað honum, á hann að sýna með vottorði áreiðanlegra manna, að svo hafi verið. Pósturinn á að hafa með sér tösku með einkennismerki til þess að láta í bréf, sem menn kunna að biðja hann fyrir á leiðinni. Þurfi póstur einhverrar aðstoðar til að halda áfram ferð sinni, skal hver sá, er nærri býr, eptir áskorun, veita honum tafarlaust þá hjálp, sem þarf, mót sanngjarnri borgun, og liggur sekt við, ef slíkri hjálp er neitað.

Aðalpóstleiðir eru þrjár, eptir þeim aðalpóstvegum, sem taldir eru upp hér að framan. Frá ýmsum stöðum á póstleiðum þessum ganga aukapóstar fram og aptur til staða, er liggja fjarri aðalpóstleiðunum. Landpóstaferðirnar eru 12 á ári, og milli Reykjavíkur og Eskifjarðar 16.

Hver skipstjóri er skyldur, eptir áskorun póststjórnarinnar, að flytja bréf hafna á milli á Íslandi og einnig til útlanda. Póstgufuskipin, sem fara í kringum landið, eru skyld til að taka við öllum póstsendingum.

Með póstum má senda laus bréf, prentað mál í krossbandi, peningabréf og böggla. Öll þau bréf, sem lagðir eru innan í peningar eða peninga-

virði, sem eigi er tilgreind upphæð á, hvort heldur það eru gjaldgengir peningar, peninga ígildi, skuldabréf eða skuldajátningar, sem hverjum þær eru nýtar, er hefir þær í höndum, skulu vera ábyrgðarbréf, og eiga að greiðast 5 a. af hverjum 100 kr. verðs þeirra. Bögglum eiga að fylgja tilvísunarbréf, og mega þau eigi vera þyngri en 3 kvint.

Glatist ábyrgðarbréf í vörzlum póststjórnarinnar, skal greiða þeim, er sendi, 20 kr. í skaðabætur. Týnist peningar eða böggulsending, þá bætir póststjórnin þeim skaðann, er sendi, þó ekki fram yfir það verð, sem tilgreint er á sendingunni, og eigi yfir 1 kr. fyrir hvert pund af vigt sendingarinnar í umbúðum, ef verðið var eigi tilgreint. Sé verðið tilgreint, borgar póststjórnin það, eins og það er tiltekið. Þó eru ekki greiddar skaðabætur, þegar skaðinn orsakast af eðli hlutarins sjálfs eða illum eða röngum umbúðum. Skaðabótanna verða menn og að krefjast innan 12 mánaða frá því, er sendingin var látin á póstinn.

Borgun fyrir póstsendingar er greidd með frímerkjum, sem póststjórnin selur. Burðargjald undir ábyrgðarbréf, peningabréf og bréf til ýmsra stjórnarvalda verður að greiða fyrir fram. Ef eigi er borgað undir almenn bréf fyrir fram með frí-

merkjum, er tekinn tvöfaldur burðareyrir við afhendingu þeirra.

Með póstunum má eigi senda nein ósæmileg rit eða myndir, né heldur þá hluti, sem hætta getur af orðið, svo sem eldfima hluti, sprenghætta, eða þá, sem illan daun leggur af.

Með ferðum landpóstanna frá því í nóvember og til þess í marzmánuði eru póstar eigi skyldir að taka böggla til flutnings þyngri en eitt pund, framar en þeim þykja hentugleikar leyfa, nema dagblöð í krossbandi.

Enginn má senda neitt það með pósti utantösku, sem annars má senda með pósti, og varðar það sekt, ef gjört er, er nemur sex-földum burðareyri eptir pósttaxtanum.

Enginn má heldur senda peninga eða aðra verðmæta muni tilsagnarlaust í lausum bréfum án ábyrgðar, enda varðar það sekt, ef gjört er, sem sé fimmtungur af því, sem leynt er, þó eigi yfir 20 krónur.

Á pósthúsum má panta dagblöð og tímarit, en þá verður að borga þau fyrir fram.

Samkvæmt samningnum um allsherjarpóstmálasamband, sem prentaður er í Stjórnartíðindunum B. 8. 1876, og auglýsingu landshöfðingja 15. apríl 1879, er Ísland í allsherjarpóstsambandinu, en í því eru öll lönd Norðurálfunnar og mörg lönd í

öðrum heimsálfum, sem upp eru talin í auglýsingunni, og tekur því póststjórnin íslenzka við bréfum og sendingum til þessara landa. Við póstávísunum tekur hún einnig til Danmerkur, Þýzkalands, Noregs, Svíþjóðar, Belgíu, Frakklands, Ítalíu, Luxemborgar, Hollands, Portúgals, Rúmeníu, Svissaralands, Konstantinopel, Egyptalands, Bretlands hins mikla og Írlands með Austur-Indlandi og flestum nýlendum Bretlands, og Bandaríkjanna í Vesturheimi. Póstávísanir eru eingöngu gefnar út á pósthúsinu í Reykjavík; en með landshöfðingjabréfi 18. sept. 1886 er mönnum gefinn kostur á að senda ávísaða peninga í gegnum pósthúsin á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði til póstmeistarans í Reykjavík, en borga verða þeir, sem peningana senda, burðargjald og ábyrgðargjald undir hina sendu peninga til Reykjavíkur, auk póstávísunargjaldsins til útlanda.

Um burðargjald undir póstsendingar og ávísanir, sjá auglýsingu landshöfðingja 6. marz 1882.

6. Skattamál.

Hin helztu lög um skattamál vor eru: »Lög um skatt á ábúð og afnotum jarða og lausafé« 14. desbr. 1877, »Lög um húsaskatt« 14. desbr. 1877, »Lög um tekjuskatt« 14. desbr. 1877, »Lög um lausafjártíund« 12. júlí 1878, »Tilskipun um

gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum« 26. febr. 1872, »Lög um breytingu á tilskipun þessari« 11. febr. 1876 og 7. nóvbr. 1879, »Lög um aðflutningsgjald á tóbaki« 11. febr. 1876, »Lög um útflutningsgjald af fiski og lýsi« 4. nóvbr. 1881.

Rúmið leyfir eigi að nefna nema fáein atriði þessara laga.

Í lögunum um skatt á ábúð og afnotum jarða og lausafje 14. desbr. 1877 er ákveðið, að gjalda skuli $^2/_5$ álnar af ábúðarhundraði hverju og 1 alin af lausafjárhundraði hverju. Hin síðustu ár hefir þó alþingi veitt linun á þessum skatti, svo að hann hefir nú um nokkur ár að eins verið $^1/_5$ álnar af ábúðarhundraði hverju. Sýslumenn og bæarfógetar heimta skatt þennan á manntalsþingum. Í nánu sambandi við þennan skatt eru lögin um lausafjártíund 12. júlí 1878. Á vorhreppaskilum eiga hreppstjóri eða bæarstjóri að taka framtal manna á lausafé því, er þeir áttu í fardögum, og skal rita það framtal í sveitarbókina. Þyki hreppstjóra eða bæarstjóra framtalið tortryggilegt, getur hann gjört hlutaðeiganda tíund. Sama er og, ef einhver mætir eigi á hreppaskilaþingi eða segir ekki til tíundar sinnar, þá skal hreppstjóri gjöra honum tíund, eptir því sem næst verður komizt um fjáreign hans. Amtmaður á-

kveður sektir eptir lögum þessum, ef hlutaðeigandi vill.

Lög um húsaskatt ákveða, að gjalda skuli 1½ krónu af hverjum 1000 kr. í virðingarverði þeirra húsa í kaupstöðum, sem eru 500 kr. virði eða meira. Sami skattur liggur á húsum, þótt utan kaupstaðar sé, ef þau eru 500 kr. virði eða meira og eigi notuð við ábúð á jörð, sem metin er til dýrleika. Upphæð sú, sem skatturinn er greiddur af, skal ávallt deilanleg með 500. Af því, sem fram yfir verður, er ekki skattur goldinn. Landshöfðingi sker úr ágreiningi um það, hvort hús sé undanþegið skatti eður eigi. — Húseignir í Reykjavík borga þennan skatt eptir brunabótavirðingu þeirra. Aðrar húseignir meta virðingamenn, sem yfirvaldið útnefnir. Sbr. reglugjörð landshöfðingja um virðingu á húsum 18. maí 1878.

Sýslumenn og bæarfógetar heimta skatt þennan á manntalsþingum.

Lög um tekjuskatt 14. desbr. 1877 ákveða, að af öllum árstekjum jarðeigna, skuldabréfa, hlutabréfa og annars leigufjár skuli greiða 1 kr. af hverjum 25 krónum. Af allri atvinnu, sem enginn annar skattur hvílir á, skal greiða tekjuskatt þannig: Af hinum *fyrstu* 1000 kr. skal engan skatt greiða; af *öðru* þúsundinu 50 a. af hverjum 50 kr. og 10 kr. af 2000 kr. fullum; af *þriðja*

þúsundinu 75 a. af hverjum 50 kr. og 25 kr. af 3000 fullum; af *fjórða* þúsundinu 1 kr. af hverjum 50 kr. og 45 kr. af 4000 fullum; af *fimmta* þúsundinu 1,25 kr. af hverjum 50 kr. og 70 kr. af 5000 fullum; af *sjötta* þúsundinu 1,50 kr. af hverjum 50 kr. og 100 kr. af 6000 fullum; af *sjöunda* þúsundinu 1,75 kr. af hverjum 50 kr. og 135 kr. af 7000 fullum. Af því, sem þar er fram yfir, greiðast 2 kr. af hverjum 50 kr. — Skattanefnd skal skipa eina í hverjum hrepp og kaupstað. Í skattanefnd hverri sitja 3 menn, í kaupstöðunum formaður bæarstjórnarinnar, en í sveitum hreppstjórinn, og 2 menn, sem hreppsnefndin kýs úr sínum flokki. Skyldur er sá, sem kosinn er í skattanefnd, að vera í henni 3 ár í senn. Á hausthreppaskilum í sveitum og á fundi í októbermánuði í kaupstöðum eiga menn að gefa skattanefndum skýrslur um tekjur sínar. Gefi einhver eigi neinar skýrslur, ákveður skattanefndin um tekjur hans eptir beztu vitund. Skattskrár á að leggja fram á hentugum stað í hreppnum 1. nóvember. Sá, sem er óánægður með skatttölu nefndarinnar, á að kæra það bréflega fyrir formanni hennar fyrir 15. nóvbr.; en hann kallar kæranda fyrir sig og nefndina, og á hún að kveða upp úrskurð um kæruna fyrir 1. desbr. Skjóta má úrskurði skattanefndar til yfirskattanefndar

fyrir næsta nýár. Í hverju sýslunefndarumdæmi og kaupstað skal skipuð yfirskattanefnd. Í kaupstöðum skipar landshöfðingi menn í yfirskattanefnd eptir uppástungu bæarstjórnar, en í sveitum skulu í henni sitja sýslumaður, og er hann formaður, og 2 menn, er sýslunefndin kýs. Hver sá, sem er kjörgengur í sýslunefnd og bæarstjórn, er skyldur að vera í yfirskattanefnd í 3 ár í senn. Yfirskattanefnd leggur fullnaðarúrskurð á allar kærur um úrskurði skattanefnda. Landshöfðingi semur reglugjörðir fyrir skattanefndir, og sker úr ágreiningi, sem verða kann um skilning laga þessara að því, er snertir skattskyldu sjóða eða félaga. Reglugjörð fyrir skattanefndir er út gefin 15. nóvbr. 1878.

Sýslumenn og bæarfógetar heimta skatt þennan á manntalsþingum.

Með tilskipun um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 26. febr. 1872 og lögum um breytingu á tilskipun þessari 11. febr. 1876 og 7. nóvbr. 1879 er ákveðið, að greiða skuli aðflutningsgjald af vörum þessum. Í lögunum 7. nóvbr. 1879 er ákveðið, að gjald þetta skuli vera 5 aurar af hverjum potti af öli, 30—60 a. af hverjum potti brennivíns eptir styrkleika þess, 15 a. af rauðvíni og messuvíni, af öðrum vínum 45 a. af hverjum potti, eða hverri þriggja pela flösku, ef þau eru

flutt í flöskum. Ef hlutaðeigandi krefst þess, getur amtmaður ákveðið sektir fyrir brot á lögum þessum, en landshöfðingi hefir vald til að lækka þær.

Sýslumenn og bæarfógetar heimta toll þennan, og fá þeir 2 af hundraði fyrir innheimtuna.

Með lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876 er ákveðið, að greiða skuli 10 aura af hverju tóbakspundi og 25 aura af hverju hundraði vindla. — Sýslumenn og bæarfógetar heimta gjald þetta, og fá 2 af hundraði í innheimtulaun.

Lögin um útflutningsgjald af fiski og lýsi 4. nóvbr. 1881 ákveða, að greiða skuli útflutningsgjald af öllum fiski og lýsi, sem flyzt út í skipum, sem afgreiðast frá einhverri höfn á Íslandi, eða stunda síldarveiði við strendur landsins, eða kasta akkerum í landhelgi til að stunda fiskiveiðar á bátum. Gjaldið er:

1. af hverjum 100 pd. af saltfiski eða hertum fiski . . . . . 10 aur.
2. af fiski, sem útflyzt hálfhertur, saltaður eða nýr, af hverjum 100 fiskum 20 —
3. af hverjum 100 pd. sundmaga . . 30 —
4. af hverri tunnu af hrognum . . . 15 —
5. af hverri síldartunnu (108 pottar) . 25 —
6. af hverri tunnu lýsis . . . . . 30 —

7. af laxi, söltuðum, reyktum eða niðursoðnum, af 100 pd. . . . . 30 aur.
8. af öllum fiski niðursoðnum öðrum en laxi, af 100 pd. . . . . 10 —

Útgjörðarmaður skipsins og skipstjóri eiga að segja til farmsins, og greiða útflutningsgjaldið, áður en skipið er afgreitt. Hafi lögreglustjóri grun um, að rangt sé sagt til farmsins, á hann að rannsaka það.

Sýslumenn og bæarfógetar innheimta gjald þetta, og hafa 2 af hundraði í innheimtulaun.

Samkvæmt tilsk. 12. septbr. 1792 og 8. febr. 1810 á að greiða erfðagjald af öllum arfi; er það gjald ½ af 100, þegar arfur hverfur undir mann eða konu arfleifanda, börn hans eða annað afkvæmi, föður eða móður eða systkini, eða ef dánarfé er gefið til almennings þarfa. Ef arfur hverfur undir aðra, er erfðagjaldið 4½ af 100.

Með tilsk. 8. febr. 1810 er boðið að greiða gjald af fasteignarsölu, ½ af 100 hverju í verði fasteignarinnar.

Samkvæmt lögum 10. okt. 1879 á hvert skip, sem fer fram hjá vitanum á Reykjanesi, nema herskip og skemmtiskútur, að greiða vitagjald, 20 aura af hverri smálest, ef það hafnar sig í Faxaflóa, en 15 aura, ef það leggst annarstaðar í höfn á Íslandi.

Mörg fleiri gjöld eru greidd í landssjóð, svo sem leyfisbréfagjöld og aukatekjur; í hinum síðast nefndu eru talin dómgjöld, gjöld fyrir fógetagjörðir, fyrir þinglestur, skiptagjörninga, uppboðsgjöld o. fl. Yrði það of langt mál að telja þau öll hér nákvæmlega, en um þetta efni er ágæt ritgjörð eptir Magnús Stephensen landshöfðingja í Tímariti Bókmenntafélagsins I, bls. 137—205, og má þar finna nákvæmari upplýsingar um gjöld til landssjóðs.

7. *Þjóðeignir og opinberir sjóðir.*

Hinar helztu fasteignir landsins eru landssjóðsjarðirnar. Landssjóðsjarðirnar eru flestar þær jarðir, sem eru enn eptir óseldar af jörðum þeim, er við siðabótina gengu undir konung, þegar klaustrin lögðust niður; svo og ýmsar aðrar jarðir, er síðar hafa undir konung gengið, eða lagzt eða gefizt til almennings þarfa.

Umráð þessara jarða eru í höndum umboðsmanna, amtmanna og landshöfðingja. Yfir flestar þessar jarðir eru settir umboðsmenn; skipar landshöfðingi þá eptir tillögum amtmanna. Þeir eru 11 á öllu landinu. Þessir umboðsmenn eiga að byggja jarðir landssjóðsins með samþykki amtmanna; þeir eiga að heimta afgjöld þeirra og skila því fé landssjóði, að frádregnum umboðslaunum,

en þau eru $\frac{1}{6}$. Þeir eiga að sjá um, að jarðirnar sé vel setnar og vel yrktar, og að leiguliðar landssjóðs uppfylli allar þær leiguliða skyldur, sem þeim eru á herðar lagðar; þeir eiga að finna að því, sem á brestur, að þessar skyldur sé uppfylltar, og byggja leiguliðum út, ef þeir ekki gefa því gaum. Nokkrar jarðir landssjóðsins eru undir umsjón sýslumanna, og hafa þeir þá sömu skyldur og umboðsmenn að því, er þær snertir; en sérstök umboðslaun hafa þeir ekki.

Aðrar helztu fasteignir landsins eru prestsetrin og kirkjujarðir þær, sem ekki eru bændaeignir. Prestar hafa umsjón og afnot þeirra, hvort sem þeir nota þær sjálfir eða byggja þær öðrum; en skyldir eru þeir til að sjá um, að jarðirnar eigi níðist niður af manna völdum, og að kúgildi ekki falli.

Enn eru og nokkrar jarðir, sem að vísu eru eigi landseign, en eru þó lagðar til almenningsþarfa, svo sem kristfjárjarðir, jarðir, sem hafa verið gefnar vissum hreppum eða héruðum, annaðhvort til styrktar fátækum eða til einhvers ákveðins augnamiðs, og eru þær þá undir umsjón hreppsráðenda eða héraðsráðenda, þar sem þær eru gefnar.

Meðal eigna landsins má telja landsbankann. Hann var stofnaður með lögum 18. septbr. 1885.

Samkvæmt lögum þessum eru störf bankans:

1. Að taka við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.
2. Að kaupa og selja víxla og ávísanir.
3. Að lána fé gegn tryggingu í fasteign.
4. Að lána fé gegn handveði eða sjálfsskuldarábyrgð.
5. Að veita lán sveitum, bæum og almannastofnunum hér á landi.
6. Að heimta ógreiddar skuldir.

Í stjórn bankans skal vera einn framkvæmdarstjóri, er landshöfðingi skipar, og tveir gæzlustjórar, er kosnir eru sinn af hvorri deild alþingis. Landshöfðingi skipar bókara og féhirði bankans eptir tillögum forstjórnarinnar. Framkvæmdarstjóri annast um dagleg störf bankans og stýrir þeim undir umsjón gæzlustjóranna og með aðstoð þeirra. Skriflegar skuldbindingar eru eigi bindandi fyrir bankann, nema framkvæmdarstjóri og annar gæzlustjóri skrifi undir hana. Allar kvittanir verða að vera undirskrifaðir af féhirði og með áritun bókara um, að þær sè athugaðar. Landshöfðingi nefnir endurskoðara bankareikninganna og úrskurðar og kvittar fyrir þá. Ef bankinn verður lagður niður, renna eignir hans, sem afgangs eru skuldum, í landssjóð. Reglugjörð bank-

ans er staðfest 5. júní 1886 og viðauki við hana 10. marz 1887.

Enn fremur má telja með eignum landsins landsbókasafnið. Fyrir því stendur bókavörður, er landshöfðingi skipar, og hefir hann laun sín úr landssjóði. Bókasafnið á og sérstakan sjóð, og er vöxtunum af honum varið í þarfir bókasafnsins.

Svo má og telja landsins eign allar þær kirkjur, sem eigi eru bændaeignir; enn fremur alþingishús, landshöfðingjahús, skólahús 3, vitann á Reykjanesi og ýmsar aðrar eignir.

Landssjóður er hinn stærsti allra opinberra sjóða. Í hann renna allar tekjur landsins, og úr honum eru greidd öll gjöld þess. Landfógetinn er aðalmóttökumaður allra tekna landsins, og hann greiðir af hendi lögboðin gjöld, sem á honum hvíla, og heldur reikninga yfir hvorttveggja. Ráðgjafi Íslands tekur á móti nokkrum tekjum landssjóðs og borgar nokkur gjöld hans, af því að sumum reikningshöldurum er hægra að greiða þau gjöld, sem þeir eiga að standa skil á, í Kaupmannahöfn en í Reykjavík; en ráðgjafinn gjörir landshöfðingjanum grein fyrir því fé, er hann tekur við, og eins því, er hann greiðir af hendi. Gjaldheimtumenn landssjóðs eru sýslumenn og

umboðsmenn, og póstmeistarinn að því, er póststjórnina snertir. Landshöfðinginn hefir umsjón með landssjóðnum og úrskurðar reikninga reikningshaldaranna við landssjóðinn, eptir að endurskoðari landsreikninganna hefir gjört athugasemdir við þá. Svo gjörir hann og allan landsreikninginn. Hvor deild alþingis kýs sinn mann til að endurskoða reikning þennan og alþingi úrskurðar hann að lokum.

Um jafnaðarsjóði, sýslusjóði og hreppasjóði verður talað í greininni um stjórn sveitarmálefna.

Enn eru margir sjóðir, sem standa undir stjórn landshöfðingja, stiptsyfirvaldanna, biskups, amtmannanna og ýmsra fleiri. Eru flestir þeirra gjafasjóðir einstakra manna, en þó eru nokkrir þeirra lögboðnir, svo sem búnaðarskólasjóðirnir.

Undir stjórn landshöfðingja standa: styrktarsjóður þeirra, er bíða tjón af jarðeldi; gjafasjóður Hannesar Árnasonar prestaskólakennara; gjöf Jóns Sigurðssonar; styrktarsjóður Kristjáns konungs níunda; sjóður landsbókasafnsins.

Undir stjórn stiptsyfirvaldanna stendur: Thorchilliisjóðurinn.

Undir stjórn biskups standa: prestsekknasjóður; verðlaunasjóður Guttorms prófasts Þorsteinssonar;

sjóður af árgjöldum brauða; sjóður fátækra ekkna í Norðurlandi.

Undir stjórn amtmannsins í suður- og vesturamtinu standa: búnaðarskólasjóðir suðuramtsins og vesturamtsins og búnaðarsjóður vesturamtsins; styrktarsjóður þurfandi konungslandseta í suðuramtinu.

Undir stjórn amtmannsins í norður- og austuramtinu standa: búnaðarsjóður og búnaðarskólasjóður norður- og austuramtsins; gjafasjóður Péturs sýslumanns Þorsteinssonar; prentsmiðjusjóður norður- og austuramtsins; gjafasjóður Guttorms prófasts Þorsteinssonar; sjóður fátækra ekkna í Eyafirði; Jökulsárbrúarsjóður.

Gjöf Jóns Sigurðssonar á Böggversstöðum til Eyafjarðarsýslu og gjöf hins sama til Vallahrepps í Svarfaðardal eru undir stjórn norður- og austuramtsins og prófastsins í Eyafjarðarsýslu.

Gjöf Halldórs Andréssonar og prestaskólasjóðurinn eru undir stjórn forstöðumanns prestaskólans.

Bræðrasjóðurinn er undir stjórn skólameistara og kennara lærða skólans.

8. *Sveitastjórn.*

Sveitastjórn var sett á stofn með »Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi« 4. maí 1872. En þess-

ari tilskipun var breytt lítið eitt með »Lögum um breytingu á tilskipun um sveitastjórn á Íslandi« 9. jan. 1880.

Fyrsti liður sveitastjórnarinnar er hreppsnefndin. Í henni eiga að sitja 3, 5 eða 7 menn, eptir stærð hreppsins og fólkstölu. Kosningarrétt og kjörgengi til hreppsnefndar á hver búandi maður í hreppnum, sem hefir óflekkað mannorð, er 25 ára að aldri og er ekki öðrum háður sem hjú, ef hann síðasta árið hefir haft fast aðsetur í hreppnum og goldið til hans þarfa, stendur ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk og er fjár síns ráðandi. Með lögum 12. maí 1882 er konum gefinn sami réttur og körlum í kosningum til sveitastjórnar og safnaðastjórnar. Kosning hreppsnefndarmanna gildir um 6 ár. Aptur má kjósa þann hreppsnefndarmann, er fer frá, en eigi er hann skyldugur til að taka á móti kosningu, fyr en jafnlangur tími er liðinn og hann hefir verið í nefndinni. Hreppsnefndin kýs oddvita úr sínum flokki.

Hreppsnefndin hefir alla stjórn fátækramálefna á hendi. Hún á einnig að hafa tilsjón með uppfóstri og uppeldi barna; greini nefndina á við prestinn um þessi mál, sker sýslunefndin úr milli þeirra. Hreppsnefndin veitir styrk þurfamönnum hreppsins, og kemur ómögum hans fyrir í góða staði og geldur með þeim. Hún á að koma í veg

fyrir húsgang og flakk og yfir höfuð sjá um, að góð regla haldist í hreppnum; svo á hún að hafa eptirlit með heilbrigðisásigkomulaginu. Hreppsnefndin á að sjá um hreppavegi, um notkun afrétta, um fjallskil og refaveiðar. Svo hefir hún og umsjón með þinghúsi og eignum hreppsins.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal á ári hverju gjöra áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins, og að því leyti fátækratíundin og aðrar tekjur hreppsins ekki nægja til útgjalda hans, á hreppsnefndin að jafna niður á hreppsbúa, eptir efnum og ástandi, því er á vantar. Niðurjöfnuninni skal lokið 20. októbermánaðar, og skal hún liggja til sýnis hreppsbúum í 4 vikur frá þeim tíma. Hver gjaldandi má á þessu tímabili kæra útsvar sitt og annara fyrir hreppsnefndinni, en gjöra verður hann það bréflega. Skal þá hreppsnefndin kalla kæranda og þá, sem hann ber sig saman við, á fund til að heyra ástæður hans. Úrskurði hreppsnefndarinnar má skjóta til sýslunefndar innan 3 vikna frá því hann var birtur hlutaðeiganda (lög 9. janúar 1880, 1. gr.).

Hreppsnefndin á að halda reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins og kjósa mann til að endurskoða hann. Öll hreppsnefndin á að ábyrgjast reikninginn, og eins innstæðufé og eignir hrepps-

ins. Sýslunefndin úrskurðar reikninga hreppsnefndarinnar.

Hreppsnefndin þarf samþykki sýslunefndarinnar

1. Til þess að hækka þær upphæðir, sem eru á niðurjöfnunarskránni á því ári, sem yfir stendur.
2. Til þess að hreppurinn takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa.
3. Til þess að borga megi úr hreppssjóðnum fyrir sveitastjórnarstörf.
4. Til þess að leggja þriðjungi meiri hreppsgjöld á hreppsbúa en um 3 næstu ár á undan að meðaltali.
5. Til þess að eyða innstæðufé hreppsins.
6. Til þess að taka lán handa hreppnum, sem eigi verður borgað aptur á sama reikningsári.

Gjöld þau, er hvíla á hreppssjóðnum, eru þessi: meðlag þurfamanna og útfararkostnaður þeirra; vegabótagjald til sýsluvega, hálft dagsverk af hverjum verkfærum manni; sýslusjóðsgjald af lausafjárhundruðum og jarðarhundruðum í hreppnum; kostnaður við þurfamannaflutning; enn fremur kostnaður til ritfanga, þinghúss, refaveiða og barnaskóla, þar sem þeir eru.

Sýslumaður getur ónýtt ályktanir hreppsnefndarinnar, ef honum þykja þær lögum gagnstæðar

eða hreppnum skaðlegar; en senda verður hann skýrslu um það til amtmannsins og hann aptur til landshöfðingja, og leggur hann síðasta úrskurð á þau mál.

I sýslunefnd er einn maður kosinn úr hverjum hreppi sýslunnar. Sýslunefndarmenn eru kosnir á manntalsþingum til 6 ára, og gildir hinn sami kosningarréttur og kjörgengi þar og við hreppsnefndarkosningar. Sýslumaðurinn er sjálfkosinn oddviti nefndarinnar. Prófastur hefir einnig atkvæðisrétt í nefndinni í þeim málum, sem snerta uppeldi og uppfóstur barna.

Sýslunefndin á að sjá um, að hreppsnefndirnar fari í stjórn sinni eptir þeim lögum, sem þeim eru sett. Þyki henni einhver hreppsnefnd hafa farið fram yfir vald sitt, getur hún gjört þær ráðstafanir, sem henni þykja nauðsynlegar, og beitt þvingunarsektum við hreppsnefndina, ef hún eigi hlýðnast boðum hennar, og komið fram ábyrgð á hendur henni við dómstólana.

Sýslunefndin hefir úrskurðarvald um hreppsmál þau, sem nefnd eru hér að framan, nema sveitfestumál og mál um endurgjald á veittum sveitarstyrk, um kosningar til hreppsnefnda og sýslunefnda og um klaganir yfir sveitarútsvörum.

Sýslunefndin hefir umsjón yfir sýsluvegum, ferjum, brúm og öðru þess konar. Hún á og að

semja reglugjörðir um notkun afrétta, um fjallskil, og annast um markatöflur og refaveiðar. Enn fremur getur hún gjört samþykktir um fiskiveiðar, svo sem áður er sagt.

Sýslunefndin stingur upp á 3 hæfilegum mönnum til hreppstjórnar, og velur amtmaður einn af þeim. Sýslunefndin á að hafa eptirlit með læknamálum og heilbrigðisástandi í sýslunni. Hún á og að gjöra ráðstafanir til að afstýra hallæri. En ef til þess þarf meira en helming af vanalegum árstekjum sýslunnar, þarf samþykkis amtsráðsins til þess.

Sýslunefndin gjörir áætlun fyrir hvert reikningsár yfir tekjur og útgjöld sýslunnar, og jafnar hún því niður á hreppana, sem á vantar, eptir samanlagðri tölu lausafjárhundraða og jarðarhundraða í hverjum hreppi. Sýslumaður gjörir árlega reikning yfir tekjur og útgjöld sýslunnar, og fá hrepparnir eptirrit af þeim reikningum.

Föst útgjöld, er hvíla á sýslusjóðnum, eru þessi: yfirsetukvennalaun og kostnaður við sýslufundi, þ. e. fæðispeningar eða ferðakostnaður sýslunefndarmanna; enn fremur útgjöld við alþingiskosningar, þegar þær eru. Sýslunefndin má og verja nokkru af sjóði sínum til þarflegra fyrirtækja, svo sem til framfara í búnaði, til skóla o. fl.

Sýslunefndin öll hefir ábyrgð á því, að reikningurinn sé réttur; hún hefir einnig sömu skyldur um eignir sýslunnar og hreppsnefndin hefir um eignir hreppsins.

Sýslumaður getur ónýtt ályktanir sýslunefndarinnar af sömu ástæðum og hann getur ónýtt ályktanir hreppsnefndarinnar. Ef amtmaður er samdóma nefndinni, má hann leggja fullnaðarúrskurð á málið; að öðrum kosti verður hann að leggja það undir landshöfðingja.

Í hinum sömu atriðum og hreppsnefndin þarf samþykkis sýslunefndarinnar, þarf sýslunefndin samþykkis amtsráðsins.

Í amtsráði situr amtmaðurinn, og er hann forseti þess, og með honum 2 kjörnir menn. Sýslunefndarmenn kjósa þessa menn til 6 ára.

Amtsráðið á að rannsaka og úrskurða alla sýslureikninga og hafa umsjón yfir aðgjörðum sýslunefndanna. Hefir það sama vald og sömu skyldur um eptirlit og yfirráð yfir sýslunefndunum og sýslunefndirnar hafa yfir hreppsnefndunum.

Amtsráðið hefir á hendi yfirstjórn opinberra stofnana, svo sem búnaðarskóla og gjafafjár. Það skal og sjá um, að fé þeirra ávaxtist, og hvernig verja eigi hinum árlegu tekjum þeirra; það skal og sjá um, að reikningar þeirra verði á ári hverju sendir landshöfðingja.

Amtsráðið hefir umsjón yfir aðalpóstvegum. Álits þess skal og leita um ýmsar almennar ráðstafanir, sem útheimta gjöld annaðhvort fyrir amtið eða einstök sýslufélög, svo sem um stofnun búnaðarskóla, fyrirmyndarbú eða þess konar.

Sjóður amtsins heitir jafnaðarsjóður. Amtsráðið semur áætlun yfir tekjur og útgjöld sjóðsins fyrir hvert ár, og ákveður hve mikið jafnaðarsjóðsgjald skal vera, og er því jafnað niður á lausafjárhundruð sýslnanna. Sýslumenn heimta gjaldið saman og senda amtmanni. Hann semur reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins, en amtsráðsmennirnir endurskoða hann, og er hann svo sendur landshöfðingja. Þyki honum amtsráðið hafa greitt ólögmæt gjöld, eða á einhvern hátt vanrækt skyldur sínar eða farið fram yfir vald sitt, getur hann beitt sömu þvingun við það og amtsráðið við sýslunefndirnar eða sýslunefndirnar við hreppsnefndirnar.

Á jafnaðarsjóðnum hvíla þessi gjöld: kostnaður við amtsráðið, svo sem fæðispeningar og ferðakostnaður amtsráðsmanna, skriffæri, skriptir o. fl. Á jafnaðarsjóðunum hvílir einnig kostnaður við sáttamál, við bólusetningar, við verðlagsskrár, við kennslu heyrnarlausra og mállausra, við ýmsa skóla og önnur menntamál, og enn fremur ýmisleg gjöld.

Amtsráðið verður að fá samþykki landshöfðingja í flestum hinum sömu greinum og sýslunefndin þarf að fá samþykki amtsráðsins; og ekki má amtsráðið hækka jafnaðarsjóðsgjaldið nema einn fjórða frá því, sem það hefir verið næstu 3 ár að undanförnu, nema með samþykki landshöfðingja.

Amtmaður hefir sama vald til að fella úr gildi ályktanir amtsráðsins um stundarsakir og sýslumaðurinn hefir til að fella úr gildi ályktanir sýslunefndarinnar, en landshöfðingi sker úr milli þeirra. Eins sker landshöfðingi úr, ef tvö amtsráð greinir á.

Sérstök lög eru um stjórn málefna kaupstaðanna: Reykjavíkur (tilsk. 20. apríl 1872), Akureyrar (lög 8. okt. 1883) og Ísafjarðar (lög 8. okt. 1883). Þar eru bæarstjórnir í stað hreppsnefnda, sýslunefnda og amtsráða, og standa þær því beinlínis undir landshöfðingjanum. Bæarfulltrúar eru kosnir í bæarstjórnir eptir þeim reglum, sem tilteknar eru í þessum sérstöku lögum. Bæarstjórnir þessar stjórna málefnum kaupstaðannna, en bæarfógetarnir eru oddvitar bæarstjórnanna. Bæarfógetar geta fellt ályktanir bæarstjórnanna úr gildi að sinni í líkum tilfellum og sýslumenn geta ógilt ályktanir hreppsnefnda og sýslunefnda; en senda verða þeir skýrslu um það til landshöfðingja

svo fljótt sem unnt er, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Bæarstjórnir eru þannig samhliða liður sveitastjórnunum í stjórn landsins.

Hinir efstu liðir framkvæmdarvaldsins eru þá: *konungur*, *ráðgjafi með stjórnarráði Íslands*, *landshöfðingi*.

En frá landshöfðingjanum greinast liðir framkvæmdarvaldsins á þessa leið:

Í lögreglumálum:
hreppstjórar — sýslumenn — amtmenn — landsh.

Í kirkjumálum:
prestar — prófastar — biskup — stiptsyfirvöld
sóknarnefndir og safnaðarfundir — héraðsnefndir og héraðsfundir — biskup
} landsh.

Í kennslumálum:
kennarar — stiptsyfirvöld . . . . . .
hreppsnefndir — sýslunefndir — amtsráð — stiptsyfirvöld
} landsh.

Í heilbrigðismálum:
yfirsetukonur — héraðslæknar — landlæknir
hreppsnefndir — sýslunefndir — amtsráð
} landsh.

Í vegamálum:
hreppsnefndir — sýslunefndir — amtsráð — landsh.

Í póstmálum:
bréfhirðingamenn — póstafgreiðslumenn — póstmeistari og amtmenn landsh.

Í skattamálum:
hreppstjórar — sýslumenn — amtmenn
skattanefndir — yfirskattanefndir . . . . } landsh.

Í þjóðeignamálum:
umboðsmenn — amtmenn . . . . . }
prestar — prófastar — stiptsyfirvöld . . . } landsh.

Í bankamálum:
féhirðir og bókari — framkvæmdarstjóri og gæzlustjórar — landsh.

Í landssjóðsmálum:
umboðsmenn og sýslumenn — landfógeti
hinn umboðslegi endurskoðari . . . . . } landsh.

Í sveitastjórnarmálum:
hreppsnefndir og sýslumenn — sýslunefndir og sýslumenn — amtsráð og amtmenn — landsh.

Í kaupstaðamálum:
bæarstjórnir og bæarfógetar . . . . . landsh.

III. kafli.

Dómsvaldið.

Hinir neðstu liðir í dómsvaldinu eru sýslumenn og bæarfógetar. Í 44. gr. stjórnarskrárinnar er það tekið fram, að dómendum verði ekki vikið úr embætti nema með dómi. En þessi ákvörðun nær hvorki til sýslumanna né bæarfógeta, af því að þeir hafa jafnframt umboðsstörf á hendi, held-

ur að eins til dómenda yfirréttarins og hæstaréttardómenda.

Þess hefir þegar verið getið, að sýslumaður á að hafa vakandi auga á því, að lögum og almennum fyrirskipunum sé fylgt. Ef brotið er á móti þeim, á hann að hefja rannsókn um það, bæði yfir þeim, sem brotið hafa, og eins yfir þeim, sem vitni geta borið í málinu. Ef honum þykir ástæða til, höfðar hann mál á móti þeim, sem hafður er fyrir sökum, annaðhvort af hálfu hins opinbera eða í réttvísinnar nafni. Opt er það og, að amtmaður, landshöfðingi eða ráðgjafi skipar að höfða málið. Sá, sem fyrir sökum er hafður, skal jafnan spurður, hvort hann óski, að sér sé skipaður talsmaður; og skal það gjört, ef hann óskar þess; hann færir málið fyrir sýslumanni, en sýslumaður kveður upp dóm í því. Hvert mál kemur fyrir þennan dóm, og heitir hann héraðsdómur, og fyrir því er sýslumaðurinn einnig kallaður héraðsdómari. Sá, sem fyrir sökum er hafður, getur heimtað, að þeim dómi, er þar er kveðinn upp, sé skotið til landsyfirréttarins, ef hegningin er meiri en 4 króna sekt. Amtmaður getur einnig skotið dóminum til landsyfirréttarins.

Í landsyfirréttinum sitja 3 dómendur: einn dómstjóri og 2 meðdómendur. Landshöfðingi er eptir embættisstöðu sinni forseti í landsyfirréttin-

um, þótt hann sjaldan taki það sæti; en ekki hefir hann atkvæði í dóminum. Ekki þurfa allir dómendurnir að verða sammála til þess, að dómur verði, heldur verður það dómsúrslit, er tveir vilja. Hvern mánudag sitja dómendurnir í réttinum til að sinna málum þeim, er fyrir hann hefir verið stefnt.

Öllum þeim sakamálum, þar sem landsyfirrétturinn dæmir mönnum betrunarhúsvinnu eða þyngri hegning, má skjóta til hæstaréttar. Landshöfðingi skýtur opinberum málum og sakamálum til hæstaréttar, ef honum þykir þess þörf.

Tveir málfærslumenn eru settir við landsyfirréttinn, og taka þeir að sér sókn og vörn mála fyrir réttinum.

Með tilskipun 20. jan. 1797 er ákveðið, að í öllum einkamálum, þ. e. í málum, sem ekki eru sakamál eða opinber lögreglumál, skuli leitað um sættir áður en prætuefnið er lagt undir úrskurð héraðsdómara. Þau helztu mál, sem eigi þarf að kæra fyrir sáttanefnd, áður en þau sé lögð undir dómara aðgjörðir, eru: víxilmál, skiptamál, lögreglumál, þar með talin hjúamál, og gestaréttarmál; enn fremur meiðyrðamál, sem embættismönnum er skylt að höfða. Í lögreglumálum, hjúamálum og gestaréttarmálum á dómarinn að leita um sættir. Einnig má leiða vitni áður en

sættagjörðin fer fram, ef hætt er við, að vitnisburður þeirra eigi náist, ef beðið er, þangað til sættagjörðin er búin. Amtmaður útnefnir 2 sáttanefndarmenn í hverju sáttaumdæmi. Þessi nefnd kallar málsparta fyrir sig, þegar sakaraðili krefst þess, og reynir að miðla málum milli málspartanna. Takist það ekki, er málinu vísað til »lands laga og réttar«. Dómi þeim, er héraðsdómarinn kveður þá upp í málinu, getur hvor málsparturinn sem er skotið til landsyfirréttarins. Þar sem prætuefnið nemur 200 krónum, má skjóta dómi landsyfirréttarins til hæstaréttar. Leyfi fæst og til að skjóta málum þangað, þótt þau nemi ekki þessari upphæð, ef sérlegar ástæður mæla með því.

Auk réttarrannsókna og dóma í opinberum málum, sakamálum og einkamálum, eru einnig taldar meðal dómarastarfa:

1. Fógetagjörðir, það eru kyrsetningar- og forboðsgjörðir, fjárnáms- og lögtaksgjörðir, rannsóknar- og skoðunargjörðir eptir beiðni einstakra manna, og að bera menn út af jörð eða úr húsi, eða inn á jörð og í hús.
2. Þinglestur og aflýsing skjala, og innfærsla þeirra í veðbréfabækur eða útstrykun þeirra úr þeim.
3. Skiptagjörðir í dánarbúum og þrotabúum, og skiptaréttarúrskurðir.

4. Uppboðsgjörðir.
5. Nótaríalgjörðir, svo sem sönnun mótmæla gegn víxlum eður og annara mótmæla, yfirlýsinga eða andsvara, viðurvist við gjörðir samninga, arfleiðsluskráa, umboðsskjala eða annara slíkra gjörninga, og vottun um það.

Í landamerkjalögunum 17. marz 1882 er ákveðið, að ef eigendur eða umráðamenn jarða skilur á um landamerki eða ítök, þá skuli sá, er prætu vill ljúka, stefna hinum með 7 nátta fresti á varnarþing, er sýslumaður ákveður innan þinghár þeirrar, er jörð varnaraðila liggur í. Sýslumaður skal á þingi nefna 8 menn óvilhalla og fulltíða í dóm. Hvor málsaðili nefnir 2 menn úr dóminum. Vili eigi nema annar úr nefna, nefnir hinn fyrir báða. Vili málsaðili nefna fleiri menn úr dóminum, skal sýslumaður skera úr; verði þá dómur ruddur, skipar sýslumaður annan mann í dóm, því að jafnan skulu 4 dómendur. Á tilteknum tíma skulu málsaðili og dómendur ganga á merki; skulu þeir, sem nefndir eru í dóm, rita nöfn sín undir eiðspjall, áður en þeir taka til starfa. Þá skulu dómendur allir kynna sér vandlega landsháttu og land það, er málsaðilar kalla sér, hvor í sínu lagi. Þá skal leggja í dóm skilríki og leiða vitni. Síðan skal heya merkjadóm-

inn, og setja þar landamerki glögg, er hann ákveður. Í merkjadómi ræður afl atkvæða, og skal í honum greinilega skýrt frá landamerkjum þeim, er sett eru, og er hann fullnaðarúrslit þess máls og gild merkjaskrá, er hann hefir verið þinglesinn. En skjóta má dóminum innan 12 mánaða til landsyfirréttarins til ónýtingar sakir þingsafglöpunar eða lögleysu að efninu til.

Í málum þeim, sem snerta embættisfærslu presta, eru prófastur og sýslumaður dómendur. Þeim dómi má skjóta til sýnódalréttarins. Í þeim dómi hafa biskup og stiptamtmaður (þ. e. amtmaðurinn sunnan og vestan) forsæti. Þeim dómi, er þeir kveða upp, má skjóta til hæstaréttar.

Registur.

Ábúð 56.
Ábyrgðarbréf 53, 54.
Aðalpóstferðir 50.
Aðalpóstleiðir 47, 52.
Aðflutningsgjald 56, 59, 60.
Afnot jarða 55, 56.
Afrétt 69, 72.
Akureyri 21, 25, 43, 45, 47, 75.
Alþingi 2—15, 20, 56, 64, 66.
Alþingishús 65.
Alþingiskosningar, sjá Kosningar til alþingis.
Alþingismenn 5.
Alþýðuskólar 38. 39.
Amtmenn 15, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 32, 44, 49, 50, 51, 60, 62, 67, 71, 73, 74, 75, 76, 77, 78.
Amtsráð 22, 39, 44, 46, 47, 72, 73, 74, 75, 76, 77.
Amtsráðsfundur 22.
Andvana 29.
Árgjald brauða 67.
Atvinnuskattur 57, 58.
Aukapóstar 52.
Aukapóstferðir 50.
Ávísanir 64.
Áætlun 69, 72, 74.
Bankamál 77.
Banki, sjá Landsbanki.
Barnaskólar 38, 39, 40.
Barnaspurning 28.
Barnauppfræðing 33, 68.
Bessastaðaskóli 26.
Biflíuþýðing 34.
Birting laga 10.
Biskup 27, 29, 30, 31, 32, 66, 76, 82.
Bókari 64, 77.
Bókfræðiskennsla 38, 39.
Bólusetjarar 21, 28, 44.
Bólusetning 28, 44, 46, 74.
Bráðabirgðalög 10.
Brauð 27.

Bréfhirðingamenn 49, 50, 51, 76.
Brennivín 56, 59.
Breytingaratkvæði 8.
Brunabótavirðing 57.
Bræðrasjóður 67.
Búnaðarástand 24.
Búnaðarskólagjald 67.
Búnaðarskólar 39, 73.
Búnaðarskólasjóður norður- og austuramtsins 67.
Búnaðarskólasjóður vesturamtsins 67.
Búnaðarsjóður norður- og austuramtsins 67.
Búnaðarsjóður suðuramtsins 67.
Búnaðarsjóður vesturamtsins 67.
Burðareyrir 53, 54, 55.
Bæarfógetar 5, 25, 26, 56, 59, 60, 61, 75, 77.
Bæarsjóður 44.
Bæarstjóri 56.
Bæarstjórn 77.
Bæir 64.
Bænarskrár 7.
Bændur 3.
Bögglar 53, 54.
Börn 28.
Dagblöð 54.
Dánarbú 24, 26, 80.
Danmörk 2.
Danska 37, 39.
Dómendur 77, 78.
Dómstjóri 78.
Dómur 77, 78.
Dómsúrslit 79.
Dómsvald 77.
Drykkjuskapur 27.
Eðlisfræði 37.
Efnafræði 35.
Einkamál 79.
Einkennismerki 52.
Eldfimur 54.
Eldsvoði 25.
Embættaveitingar 16, 17.
Embættisfærsla 31, 33, 82.
Embættishneyxli 31.
Embættismenn 3, 17, 19, 21.
Endurskoðari 66, 77.
Endurskoðendur landsreikninganna 14, 66.
Enska 37, 39.
Erindisbréf biskupa 30.
Eskifjörður 45, 47.
Eyafjarðarsýsla 25.
Eyðaskóli 39.
Fardagar 56.
Fasteign 62.
Fátækar ekkjur 67.
Fátækramálefni 68.
Fátækratiund 69.
Féhirðir 64, 77.

Ferjureglugjörðir 22.
Ferming 28, 29, 31.
Fiskiveiðar 15, 72.
Fiskiveiðar útlendra 20.
Fiskiveiðasamþykktir 15, 22.
Fiskiver 46
Fiskur 56, 60.
Fjallskil 15, 69, 72.
Fjallvegir 46, 47.
Fjáraukalög 7, 14.
Fjárforráð ómyndugra 21.
Fjárheimtur 19.
Fjárlög 7, 12.
Flagg 46.
Flakk 69.
Flensborgarskóli 39.
Fógetagjörðir 80.
Frakkneska 37.
Framkvæmdarstjóri 64, 77.
Framtal 24, 56.
Frímerki 50, 53.
Frumvarp 7, 8, 11.
Fulltrúar 5.
Fulltrúi konungs 13.
Fyrirmyndarbú 74.
Fyrirspurnir 14.
Fæðingarstofnun 45.
Gangverð 24, 29.
Gjafafé 73.
Gjafsókn 20, 21.
Gjaldþrot 4.
Gjöld til hinnar æðstu innlendu stjórnar 13.
Grasafræði 35.
Greptrun 28, 29.
Guðsorðabækur 31.
Guðsþjónusta 28, 33.
Guttormur Þorsteinsson 66, 67.
Gæzlustjórar 64, 77.
Halldór Andrésson 67.
Hallæri 72.
Handveð 61.
Hannes Árnason 66.
Háskóli 3, 26.
Heilbrigðisfræði 35.
Heilbrigðismál 22, 46, 69, 72, 76.
Heilbrigðisnefndir 46.
Heimilisfesta 4, 27.
Héraðsdómari 78.
Héraðsfundur 33.
Héraðslæknir 41, 42, 43, 45, 76.
Héraðsnefnd 33.
Hertur fiskur 60.
Heyrnarlaus 29, 40, 74.
Hjónaband 28.
Hléskógaskóli 39.
Hlutabréf 57.
Hólabiskup 31.
Hólaskóli 39.
Hreppasjóðir 48, 66.
Hreppavegagjald 48.

Hreppavegir 46, 48, 69.
Hreppsbúar 69, 70.
Hreppskil 24, 56, 58.
Hreppsnefnd 23, 46, 58, 68, 69, 70, 71, 77.
Hreppsnefndaroddviti 48, 68.
Hreppsnefndarúrskurður 70.
Hreppstjóri 21, 23, 24, 25, 28, 48, 56, 58, 77.
Hreppur 68, 69, 70, 71.
Hrogn 60.
Hugsunarfræði 34, 35.
Hundahald 24.
Húsaskattur 55, 57.
Húsgangur 69.
Húsvitjun 28.
Hæstiréttur 20, 78, 80, 82.
Ísafjarðarsýsla 25.
Ísafjörður 25, 40, 45, 75.
Ísland 1, 2, 19, 20, 34, 42, 46, 67, 76.
Íslenzka 26, 37, 39, 40.
Jafnaðarsjóðsgjald 74, 75.
Jafnaðarsjóðsreikningur 74.
Jafnaðarsjóður 40, 74.
Jarðarhundruð 70, 72.
Jarðeignir 57.
Jarðeldssjóður 66
Jón Sigurðsson 66.
Jón Sigurðsson á Böggversstöðum 67.
Jökulsárbrúarsjóður 67.
Kaupmannahöfn 9, 45, 65.
Kaupstaðarborgarar 3.
Kaupstaðir 46, 57, 58, 59.
Kennarar 34, 35, 76.
Kennimannleg guðfræði 34.
Kennslumál 32, 76
Kirkja 26, 28, 29, 30, 31, 32, 33.
Kirkjujarðir 63.
Kirkjumál 26, 33, 76.
Kirkjumáldagar 32.
Kirkjureikningar 30, 33.
Kirkjuréttur 32, 34.
Kirkjusaga 34.
Kirkjustaðir 30.
Kjördæmi 5.
Kjörstjórnir 5.
Kjörþing 5.
Klaustur 62.
Konungkjörnir þingmenn 5.
Konungsfulltrúi, sjá Fulltrúi konungs.
Konungslandsetar 67.
Konungur 2, 5, 6, 9, 10, 11, 13, 16, 17, 20, 62, 76.
Konur 4, 68.
Kosningarréttur til alþingis 3.
Kosningarréttur til hreppsnefnda 68.
Kosningarréttur til prestakosninga 27.

Kosningarréttur til sóknarnefnda 32.
Kosningarréttur til sýslunefna 71.
Kristfjárjarðir 63.
Kristján IX. 66.
Krossband 52, 54.
Kveldmáltíð 28.
Kvennaskólar 38.
Lagaleg læknisfræði 35.
Landafræði 36, 37, 39, 40.
Landamerkjalög 81, 82.
Landaþrætur 81, 82.
Landbúnaðartöflur 28.
Landeigandi 48.
Landfarsóttir 41, 43.
Landfógeti 65, 77.
Landhelgi 60.
Landlæknir 35, 40, 41, 42, 43, 44, 45, 76.
Landmæling 37.
Landsbanki 63, 64.
Landsbókasafnið 65, 66.
Landshöfðingi 6, 7, 9, 13, 14, 18, 19, 26, 38, 39, 45, 46, 47, 49, 50, 51, 57, 60, 62, 64, 65, 66, 73, 76, 77, 78, 79.
Landssjóðsjarðir 19, 62.
Landssjóðsmál 77.
Landssjóður 19, 37, 39, 40, 47, 65.
Landsreikningur 66.
Landsréttur 37.
Landsstjórn 37.
Landsyfirréttur 20, 78, 79, 80, 82.
Laugalandsskóli 38.
Lausafjárhundruð 56, 72, 74.
Lausafjártíund 56.
Lausafé 56.
Lausamenn 4.
Lax 61.
Leigufé 57.
Leikfimi 37.
Lénsjarðir 30.
Lestur 40.
Leyfisbréf 20, 22.
Líffærafræði 35.
Líkskurðarfræði 35.
Ljósmóðir, sjá Yfirsetukona.
Lyfjabúðir 42, 43.
Lyfjafræði 35.
Lyfsalar 42, 43.
Lýsi 56, 60.
Læknahéruð 42.
Læknamál 72.
Læknar 42, 43.
Læknaskóli 3, 35, 41.
Lækningafræði 35.
Lærði skólinn 35, 36, 67.
Lögleysa 82.

Lögmæti fundarályktana alþingis 9.
Lögreglumál 21, 23.
Lögreglustjórar 25.
Málfærslumaður 21, 79.
Mállausir 29, 40, 74.
Mannorð 4.
Manntal 29.
Manntalsþing 56, 57, 59, 71.
Markatöflur 72.
Matvörur 41.
Meðhjálpari 33, 40.
Meðlag 70.
Meðul 42.
Menntamál 74.
Merkjadómur 82.
Messa 28.
Messuvín 59.
Myndugur 29.
Möðruvallaskóli 37, 38.
Náttúrufræði 37, 39.
Nefndarálit 8.
Niðurjöfnun 69.
Nótariálgjörðir 81.
Ólafsdalsskóli 39.
Ólærðir læknar 44.
Ómagar 68.
Opinberar stofnanir 73.
Opinber lögreglumál 79.
Óskilgetin börn 22.
Óspektir 25.
Páll Pálsson 40.
Peningabréf 52, 53, 54.
Pétur Þorsteinsson 67.
Póstafgreiðslumaður 49, 50, 51, 76.
Póstar 50, 51, 52, 54, 76.
Póstávísanir 55.
Póstferðir, sjá Aðalpóstferðir og Aukapóstferðir.
Póstgufuskip 52.
Póstgöngur 50.
Póstmál 49, 50.
Póstmeistari 49, 50, 51, 66, 76.
Póstsamband 54.
Póstsendingar 52, 53, 54, 55.
Póststjórn 52, 53.
Pósttaxti 55.
Póstvegir 46, 47.
Prédikun 28, 34.
Prentsmiðjusjóður 67.
Prestakosningar 27.
Prestaköll 27, 33.
Prestar 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32, 33, 34, 40, 44, 63, 65, 76, 77, 82.
Prestaskólasjóður 67.
Prestaskóli 3, 26, 34.
Prestsbakki 47.
Prestseðill 29.
Prestsekkjur 34.

Prestsekknasjóður 66.
Prestsetur 63.
Prófastar 27, 29, 30, 31, 32, 33, 34, 71, 76, 82.
Ráðgjafa-ábyrgð 7.
Ráðgjafi Íslands 6, 7, 10, 14, 16, 17, 18, 19, 20, 45, 65, 76.
Refadráp 15, 69.
Reikningar 19, 66.
Reikningslist 36, 37, 39, 40.
Reikningur 28.
Reykjavík 6, 21, 35, 40, 45, 47, 49, 50, 57, 65, 75.
Ríkisráð 9.
Ritning 30.
Rúmfræði 37.
Safnaðarfulltrúi 33.
Safnaðarfundur 32, 76.
Safnaðarnefnd 27.
Sagnafræði 37.
Sakamál 21, 29, 78, 79, 80.
Sakamenn 28.
Sakaraðili 80.
Sálarfræði 34, 35.
Sameinað þing 8, 9.
Sáttamál 74, 79.
Sáttanefndarmaður, sjá Sáttasemjari.
Sáttasemjari 21, 28, 80.
Sáttaumdæmi 80.
Sérstakleg mál Íslands 12, 16.
Setudómari 21.
Seyðisfjörður 47.
Sjálfsskuldarábyrgð 64.
Siðafræði 34.
Siðferði 28, 31, 33.
Sjómannafræði 40.
Sjúkdómar 41.
Sjúkir 28.
Skaðabætur 53.
Skálholtsbiskup 31.
Skattanefnd 58, 59, 77.
Skattar 55.
Skattskrár 58.
Skipaskjöl 26.
Skipstjórar 52, 61.
Skipströnd 25.
Skiptagjörðir 80.
Skírn 28.
Skólameistari 36.
Skólastjóri 37.
Skript 28, 40.
Skuldabréf 53.
Skuldajátning 53.
Skuldir 64.
Skýrslur, almennar 20.
—— biskups 32.
—— hreppstjóra 24.
—— póstmeistara 50.
—— presta 29.

Skýrslur prófasta 30.
Sóknarnefnd 33, 76.
Sóttvarnir 45.
Sprenghættur 54.
Stiptamtmaður 82.
Stiptsyfirvöld 32, 34, 38, 66, 76, 77.
Stjórnarráð Íslands 9, 18, 76.
Stjórnarskrá Íslands 2, 3, 5, 7, 13, 77.
Stjórnarvöld 53.
Stundaseðill 51.
Stykkishólmur 45.
Stærðafræði 37.
Stöðulög 2.
Sundmagi 60.
Sveitarmál 20.
Sveitarómagar 20.
Sveitarsjóður 48, 49.
Sveitarstyrkur 4, 71.
Sveitarútsvar 3, 4, 69, 71.
Sveitastjórn 67, 68.
Sveitastjórnarmál 77.
Sveitastjórnarstörf 70.
Sveitfesta 71.
Sveitir 58, 64.
Sýnódalréttur 82.
Sýnódus 34.
Sýslufundur 72.
Sýslumenn 5, 21, 24, 25, 26, 48, 57, 59, 60, 61, 65, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 76, 77, 81, 82
Sýslunefnd 44, 45, 46, 47, 48, 68, 69, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 76, 77.
Sýslunefndarmenn 71, 72.
Sýslureikningar 72, 73.
Sýslusjóðsgjald 70.
Sýslusjóður 44, 48, 49, 66, 72.
Sýsluvegasjóður 48.
Sýsluvegir 46, 48, 71.
Sæluhús 49.
Sætt 79, 80.
Söngur 37.
Talnafræði 37.
Talsmaður 78.
Teiknun 37.
Tekjuskattur 24, 57.
Thorchilliisjóður 66.
Tilvísunarbréf 53.
Tímarit 54.
Tíund 56.
Tóbak 56, 60.
Trúarbrögð 37.
Trúarfræði 34.
Tún 49.
Umboðsmenn 19, 62, 77.
Umræða 8.
Umgirt land 49.
Undirréttur 21.
Undirskript konungs 10, 11.

Uppboð 24.
Uppboðsgjörðir 81.
Uppeldi barna 68.
Uppfræðing barna 68.
Uppgjafaprestar 34.
Utantösku 52.
Útflutningsgjald 56, 60.
Útgjörðarmaður 61.
Útsvar, sjá Sveitarútsvar.
Úttekt 24.
Vatn 41.
Vegagjald 70.
Vegamál 46, 76.
Veikindafræði 35.
Veitingahús 22.
Veitingarbréf 17, 27.
Verðlag, sjá Gangverð.
Verðlagsskrár 32, 74.
Verkfærir menn 24, 48.
Vestmannaeyar 45.
Vindlar 60.
Vinnumenn 4.
Virðingamenn 57.
Visitéra 29.
Vitni 79, 81.
Vörður 49.
Yfirkennari 36.
Yfirsetukonur 44, 45, 46, 72.
Yfirskattanefnd 59, 77.
Yfirvald 41, 44.
Yrkt land 49.
Ytri-Eyar-skóli 38.
Þarfleg fyrirtæki 72.
Þingdeildir 6, 7, 8.
Þinglestur 80.
Þingnefndir 15.
Þingrof 6, 11.
Þingsafglöpun 82.
Þingsályktanir 14.
Þjóðbraut 46.
Þjóðeignamál 77.
Þjóðkirkja 26.
Þurfamannaflutningur 70.
Þvingunarsektir 71.
Þýzka 37.